

2017



ÞINGGERÐ 62. SUNDPINGS



62. þing Sundssambands Íslands

Haldið í Efstaleiti 7, í Reykjavík, 24. og 25. mars 2017

Þinggerð

Dagskrá Sundþings 2017

föstudagur

kl. 16:00 Skráning þingfulltrúa hefst

1. Þingsetning og ávörp (17:00)

2. Kjör kjörbréfanefndar

3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar (17:30)

4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ

5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt

6. Kosning starfsnefnda þingsins

7. Skýrsla stjórnar (18:00)

8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga

10. Afgreiðsla reikninga

11. Tillögur kynntar og vísað til nefnda

12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda

kl. 19:00 – 19:30 Léttur kvöldverður

13. Nefndastörf

(19:30 – 21:30)

laugardagur

kl. 08:30 Morgunhressing

kl. 09:00 – 10:00 Nefndastörf - frágangur

14. Fjárhagsáætlun – afgreiðsla (10:00)

16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum (10:30)

kl. 12:00 – 13:00 Hádegishlé Veiting heiðursmerkja SSÍ

17. Kosningar (13:00)

Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum (framhald)

18. Önnur mál (14:00)

19. Þingslit (15:00)

Föstudagur 24. mars 2017

Setning þingsins

Formaður SSÍ Hörður J. Oddfríðarson setti 62. Sundþing og bauð gesti velkomna ásamt því að bjóða þingfulltrúa velkomna til þings. Hann bar þinginu kveðjur borgarstjóra sem komst ekki vegna anna. Hann bar einnig kveðjur norðanfólks sem vegna veðurs hefur ekki komist til þings en mun koma með fyrstu mögulegu ferð. Þá fór hann yfir dagskrá þingsins og aðstæður á þingstað.

Formaður bauð því næst Hafstein Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ velkominn í pontu. Hafsteinn sagði það heiður að fá að ávarpa þingið og bar þinginu kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og framkvæmdastjóra ÍSÍ með ósk um að þingið verði árangursríkt. Hann þakkaði samstarfið á liðnum árum.

Hafsteinn fór yfir það sem er efst á baugi í ÍSÍ, t.a.m. Íþróttaping sem verður í byrjun maí þar sem kosið verður til stjórnar eftir nýju fyrirkomulagi; í fyrsta skipti verður helmingur stjórnar kosinn til 4 ára og þannig verður það hverju sinni. Hann fór yfir vinnu sem fram hefur farið um hvernig eigi að nýta stóraukið fé frá ríkisvaldinu til afreksstarfs. Skipuð var þriggja manna nefnd, utan stjórnar ÍSÍ og utan stjórnar sérsambanda, allt einstaklingar með mikla reynslu úr íþróttahreyfingunni sem skilaði inn tillögum að nýtingu fjármagnsins. Í kjölfarið átti ÍSÍ að vinna úr þessum tillögum og á íþróttapingi 2017 kemur vonandi niðurstaða um hvernig Afrekssjóður verður til framtíðar. Það er mikilvægt að ná samstöðu um nýtingu á fjármagninu því það þarf að sýna fram á að hægt er að ná samstöðu innan hreyfingarinnar og að fjármunirnir séu nýttir á ábyrgan hátt fyrir íþróttafólkið. Ef einhver vafaatriði koma upp getur íþróttaping 2019 tekið á þeim málum en ÍSÍ gekk einmitt í gegnum svipað breytingatímabil með Íslenska getspá þegar finna þurfti út hvernig best væri að úthluta arðinum til að allir yrðu sáttir með niðurstöðuna.

Flest önnur verkefni ÍSÍ þessi misserin eru minni í samanburði en fyrir liggur að fara á Smáþjóðaleika í San Marino auk annarra verkefna á árinu. Hafsteinn minntist á Íslenska getspá og Getraunir sem fyrirtæki sem íþróttahreyfingin þarf að standa vörð um. Hann hvatti þingheim til að standa fyrir því í sínum félögum að tekjumöguleikarnir sem getraunirnar eru séu nýttir. Þá benti hann á ólöglega spilastarfsemi sem mikla samkeppni og að það gangi illa að taka á þeim vanda því þessi starfsemi skilar engu til íþróttahreyfingarinnar heldur fer allur hagnaður til einkaaðila.

Hafsteinn sagðist hafa haft ánægju af því að sitja í framkvæmdastjórn ÍSÍ til nokkurra ára. Þar hefði hann tekið þátt í mörgum og mismunandi verkefnum t.d. Lífshlaupinu, Hjólað í vinnuna og Kvannahlaupinu. Hann minnti á að það tók ÍSÍ 2-3 ár að setja verkefnið Hjólað í vinnuna í gang þar sem fáir höfðu trú á verkefninu enda tóku mjög fáir þátt í upphafi. Nú er eftirtektarvert hversu margir taka þátt í þessu lýðheilsuverkefni eða 4% þjóðarinnar. Það er augljóst þegar við lítum í kringum okkur í daglegu lífi hver ávinningurinn af þessu verkefni er því mjög margir eru farnir að nota hjól sem samgöngumáta.

Hann óskaði að lokum þingfulltrúum starfssams þings og ánægjulegs sundárs og vonaði að það tækist að bæta þau met sem væru í metabókinni og árangurinn verði glæsilegur nú sem endranær.

Eftir að formaður SSÍ hafði kynnt tillögu um heiðursviðurkenningar SSÍ greindi Hafsteinn frá þeirri ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ að sæma Hlín Ástþórsdóttur varaformann SSÍ gullmerki ÍSÍ og kallaði hana upp á svið til að afhenda henni merkið. Hafsteinn sagði að störf Hlínar væru ekki takmörkuð við stjórnarsetu í

sundsambandinu, hún væri foreldri margra íþróttamanna, starfsmaður SSÍ og margreynd í störfum fyrir íþróttahreyfinguna.

Formaður SSÍ þakkaði Hafsteini hlý orð í garð SSÍ og þakkaði sömuleiðis ÍSÍ fyrir samstarfið.

Kosning kjörbréfanefndar

Formaður SSÍ gerði tillögu um: Ingibjörgu Helgu Arnardóttur, Hörpu Kristínu Einarsdóttur og Jón Hjaltason.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kjörnir þingforsetar og þingritarar

Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ gerði tillögu um Gunnar Svavarsson fyrrverandi alþingismann og Líf Magneudóttur forseta borgarstjórnar sem þingforseta.

Tillagan samþykkt samhljóða

Formaður gerði tillögu um Bjarneyju Guðbjörnsdóttur og Trausta Gylfason sem þingritara.

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingforseti þakkaði traustið í sinn garð og leitaði eftir því hvort nokkur gerði athugasemd við boðun þingsins. Enginn gerði athugasemd og þingforseti gerði þá ráð fyrir því að allir þingfulltrúar væru samþykkir því hvernig að þingboðun var staðið og lýsti þingið lögmeitt. Hann lýsti því yfir að framboðsfrestur til stjórnarkjörs væri liðinn en það liggur fyrir að framboð eru í samræmi við fjölda lausra stjórnarsæta. Þá hófst dagskrá í samræmi við lög SSÍ og áður útsend gögn.

Tilnefning til heiðursviðurkenninga SSÍ

Hörður J. Oddfríðason mælti fyrir þingskjali nr. 2017-05

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7 í Reykjavík 24. og 25. mars 2017

Staðfestir nýjan heiðursfélaga í SSÍ

Heiðursfélagi SSÍ

- Guðmundur Þorbjörn Harðarson fyrir ævilanga hollustu við sundíþróttina og margháttuð störf í sundhreyfingunni samfleytt frá 9 ára aldri.

Þessi viðurkenning verður afhent á 90 ára afmæli Sundfélagsins Ægis 1. maí 2017 þar sem Guðmundur er við störf á vegum ÍSÍ í San Marino í tilefni Smáþjóðaleikanna 2017.

Sundþing samþykkir einnig að veita eftirtöldum aðilum Heiðursmerki SSÍ fyrir störf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi:

Gullmerki

- Hlín Ástþórsdóttir fyrir farsæla 16 ára stjórnarsetu í SSÍ og óeigingjörn störf í þágu sundíþróttarinnar á Íslandi;
- Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari fyrir óeigingjarnt starf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi og góðan árangur sundfólks undir hans stjórn á Ólympíuleikum, heimsmeistara- og Evrópumeistaramótum;
- Klaus Jürgen-Ohk þjálfari SH fyrir góð störf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi og góðan árangur sundfólks undir hans stjórn á Ólympíuleikum, heimsmeistara- og Evrópumeistaramótum;
- Steindór Gunnarsson fyrrverandi landsliðsþjálfari fyrir að vera óþreytandi í starfi sínu fyrir sund á Íslandi og alltaf tilbúinn til aðstoðar;
- Málfríður Sigurhansdóttir fyrir undirbúning og stjórn sundliðsins á Smáþjóðaleikum á Íslandi 2015 og góð störf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi;
- Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkráþjálfari fyrir undirbúning og stjórn sundliðsins á Smáþjóðaleikum á Íslandi 2015 og á Ólympíuleikum, heims- og Evrópumótum;
- Karl Georg Klein og
- Trausti Gylfason fyrir faglega mótstjórn á Smáþjóðaleikum á Íslandi 2015 og störf í þágu sundíþróttarinnar á Íslandi.

Silfurmerki

- Ingibjörg Kristinsdóttir
- Jónas Tryggvason
- Lóa Birna Birgisdóttir og
- Ragnar Marteinnsson fyrir margháttuð framlag til sundíþróttarinnar á Íslandi og stjórnarsetu í SSÍ;
- Emil Örn Harðarson og
- Ingibjörg Helga Arnardóttir fyrir ómælda aukavinnu og snúninga í kringum Smáþjóðaleika á Íslandi 2015;
- Jón Hjaltason alþjóðlegur dómari;
- Ragnhildur Guðjónsdóttir
- Sigurbjörg Róbertsdóttir
- Sigurður Óli Guðmundsson alþjóðlegur dómari og
- Vilhjálmur Þorsteinsson fyrir óeigingjarnt og faglegt starf fyrir og á Smáþjóðaleikunum á Íslandi 2015;
- Viktoría Gísladóttir alþjóðlegur dómari;
- Þórunn Kristín Guðmundsdóttir Sundtækninefnd LEN;

- Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson íþróttafréttamaður fyrir hönd samstarfsfólks á Íþróttadeild RÚV fyrir gott samstarf og faglega umfjöllun um sundíþróttir;
- Arnar Björnsson íþróttafréttamaður fyrir hönd samstarfsfólks á Íþróttadeild 365 fyrir gott samstarf og umfjöllun um sundíþróttina.

Þjónustumerki

- Þingfulltrúar á 62. Sundþingi.

Afhending gull og silfurmerkjana fer fram í hádegisverðarboði laugardaginn 25. mars.

Tillagan samþykkt samhljóða í kjölfarið af því að Kjörbréfanefnd hafði gert grein fyrir niðurstöðu sinni.

Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt

Jón Hjaltason gerði grein fyrir niðurstöðum kjörbréfanefndar. 42 sundfélög og deildir eiga rétt á samtals 157 fulltrúum á þingið og 25 Íþróttabandalög/Héraðssambönd eiga rétt á samtals 25 fulltrúum.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að 55 fulltrúar eru mættir til þings með fullgild kjörbréf. Þar af eru 4 fulltrúar frá jafnmörgum íþróttabandalögum/héraðssamböndum. Þá eru mættir 51 fulltrúi frá 11 sundfélögum og deildum.

Þeir sem mættir eru:

HSK – Magnús Tryggvason.

ÍBH – Karl Georg Klein.

ÍBR – Hörður J. Oddfríðarson og til vara Frímann Ari Ferdinandsson.

ÍBA – Ragnheiður Runólfsdóttir.

Sunddeild Breiðabliks – Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, Karl Pálmason, Ragnar Viktor Hilmarsson, Jóna Margrét Ólafsdóttir og Hjalti Björnsson.

Sundfélag Akraness – Kjell Wormdal, Sævar Berg Sigurðsson, Harpa Hrönn Finnbogadóttir og Ágúst Júlíusson.

UMFN – Harpa Kristín Einarsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Unnur Helga Snorradóttir, Árni Grétar Óskarsson og Eðvarð Þór Eðvarðsson.

UMFK – Hilmar Örn Jónasson, Guðný S. Magnúsdóttir, Hilmar Th. Björgvinsson, Sigurþór Sævarsson, Sigmar Björnsson og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson. Steindór Gunnarsson til vara.

Sunddeild Fjölnis – Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, Jóhannes Steingrímsson og Ingibjörg Kristinsdóttir.

Sundfélagið Ægir – Lilja Ósk Björnsdóttir, Pála Þórsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Finnbjörn Aðalheiðarson, Brynja Stefánsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Sigurrós Lilja Grétarsdóttir og Jacky Pellerin. Varafulltrúar eru: Bjarni Jakob Gíslason, Jóhanna Hildur Hansen og Kristinn Jaferian.

Sunddeild Stjörnnunnar – Gunnhildur Eva Arnodsdóttir og Hannes Már Sigurðsson.

Sunddeild KR – Arnar Már Loftsson, Berglind Ósk Bárðardóttir og Jón Hjaltason.

Sunddeild Ármanns – Bergþóra Guðmundsdóttir, Lilja og Þuríður Einarsdóttir.

Sundfélag Hafnarfjarðar – Tómas Gísli Guðjónsson, Aðalbjörg Óladóttir, Björn Sigurðsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Mladen Tepavec, Ingibjörg Ragnarsdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Aron Örn Stefánsson og Predrag Milos. Til vara eru: Kristín Garðarsdóttir, Klaus Jürgen-Ohk, Kolbeinn Hrafnkelsson og Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Sundfélagið Óðinn – Elsa María Guðmundsdóttir.

Þingið gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar

Kosning starfsnefnda þingsins

Þingforseti gerði þinginu grein fyrir því að meginumræður á þinginu fara fram inni í nefndum þingsins. Ekki er gert ráð fyrir endurteknum efnislegum umræðum eftir að störfum nefnda væri lokið.

a) Fjárhagsnefnd:

Lagt er til að Björn Sigurðsson og Hlín Ástþórsdóttir leiði starf nefndarinnar.
Samþykkt

b) Laga- og leikreglnanefnd:

Lagt er til að Jón Hjaltason og Jóna Margrét Ólafsdóttir leiði starf nefndarinnar.
Samþykkt

c) Allsherjarnefnd:

Lagt er til Hilmar Örn Jónasson og Ingibjörg Kristinsdóttir leiði starf nefndarinnar.
Samþykkt

Aðrir þingfulltrúar velja sér nefndir eftir því sem þeirra áhugasvið liggur.

Samþykkt samhljóða

2017-03 Skýrsla stjórnar

Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ flutti útdrátt úr skýrslu stjórnar sem lá fyrir þinginu og er sett inn í þinggerðina óbreytt.

Hann sagði meðal annars þetta, í sinni yfirferð:

„Ég fæ hér þetta verkefni eitt árið enn að fara yfir störf stjórnar og nefnda SSÍ starfstímann 2015 – 2017. Gjaldkerinn okkar tók sér leyfi frá störfum af persónulegum ástæðum um mitt tímabil en síðan þá hefur Ingibjörg Helga framkvæmdastjóri haldið utan um fjármálin með fulltingi formanns og varaformanns.

Við fluttum okkur í stærra húsnæði þannig að það rýmkaðist um skrifstofuna verulega mikið á starfstímanum. Við höfum verið í uppbyggingu á tækjabúnaði, bæði skrifstofu og eins til að geta lagt betur til fjölmiðlunar fyrir sambandið. Þar ætlum við bæði að safna efni og birta á okkar miðlum en ekki síður að safna efni til að senda öðrum fjölmiðlum til birtingar því við sjáum að það þrengist verulega um möguleika þeirra að afla sér efnis á þeim tímum sem okkar íþrótt er stunduð.

Framkvæmdastjórinn Ingibjörg Helga og mótastjórinn Emil Örn hafa verið í 100% starfi hjá sambandinu, landsliðsþjálfari hefur verið í 30% starfshlutfalli og Unnur Sædís sjúkrapjálfi hefur komið inn í verkefnin eftir því sem þurft hefur. Þá kom formaður til starfa í einn mánuð á síðastliðnu ári til að taka af ákveðinn kúf.

Í landsliðsstarfinu var samfella og við sjáum hversu miklu skiptir að hafa samfellu í því starfi. Jafnframt höfum við gætt þess að trufla ekki félögin í þeirra störfum, við höfum ekki sent skipanir niður í félögin þar sem þeim er sagt hvernig þau eiga að gera hlutina heldur höfum við hvatt þau til að vera þátttakendur og skila sínu fólki inn í landsliðsstarfið. Í heildina hefur okkur tekist nokkuð vel til sem heild, þ.e. félögunum og sambandinu. Við getum sameiginlega klappað okkur á öxlina, árangurinn sem við höfum náð er góður, við náðum honum saman, þetta er ekki einhverjum einum að þakka. Við sjáum auðvitað að ákveðnir aðilar standa upp úr, við höfum tekið verðlaun á EM og NM, við komumst í úrslit á HM og ÓL sem er auðvitað mikilvægt fyrir umfjöllun og útbreiðslu. Þau sem draga vagninn í landsliðunum okkar eru Anton

Sveinn Mckee, Bryndís Rún Hansen, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir.

Nú eru í farvatninu breytingar á Afrekssjóði ÍSÍ og við þurfum að halda vel á spöðunum gagnvart þeim breytingum og vera vakandi yfir því hvaða kröfur eru gerðar til okkar á þeim vettvangi. Við erum ágætlega undirbúin undir þessar breytingar þar sem SSÍ hefur verið mjög ábyrgt gagnvart sjóðnum. Við höfum haldið utan um þessa styrki sjálf öfugt við það sem mörg önnur sambönd hafa gert en þau sambönd gætu lent í vandræðum nema þau taki upp vinnubrögð lík okkar.

Nú þurfum við að fara að vinna í uppbyggingu á ný og þurfum að aðstoða og vera til staðar fyrir félögin. Við höfum mjög metnaðarfulla stefnu um uppbyggingu sem hefur verið að þróast síðan fyrir árið 2000. Undir okkar regnhlíf rúmast 7 íþróttagreinir, þar sem 5 af þeim eru Ólympíugreinir, og það er vissu mín að við getum gert okkur gildandi í fleiri greinum á alþjóðavísu en bara keppnissundi. Ég nefni þar sem dæmi víðavatnssund. Við þurfum að halda utan um afreksstarfið, uppbyggingu félaga, uppbyggingu annarra sundíþrótta, mannvirkja og ekki síst gagnvart almenningi. Við þurfum einnig að huga að grein eins og Lífsbjörg sem kom inn fyrir nokkrum árum. Á Norðurlöndunum er keppt í Lífsbjörg og við ættum að koma okkar fólki í gegnum sundvarðarprófið hér heima m.a. til þess að geta tekið þátt í slíkri keppni.

Annað stórt mál fyrir okkur er að ná í almenning. Við þurfum að huga að því hvernig við getum gert hinn almenna sundiðkanda að meðlimi í okkar félögum. Það fyrsta sem þarf að gera er auðvitað að ná görpunum inn í Felix. Verkefni næstu daga er að fá leiðbeiningar um hvernig eigi að skrá þessa óskráðu félaga okkar inn í félögin.

Í þriðja lagi ber að nefna skólasundkeppnina sem Ingibjörg Helga hefur haldið utan um. Við þurfum að útvíkka þá keppni í kringum landið.

Það er nokkuð gott jafnvægi í hreyfingunni okkar, lítil dramatík í samskiptum en stóra málið á alþjóðavísu undanfarið tvö ár hafa auðvitað verið lyfjamálin. Það voru okkur mikil vonbrigði á síðasta ári að FINA skyldi heykjast á því að rísa upp gegn lyfjamisnotkun líkt og alþjóðafriðsambandið gerði og setja þeim sem grunaðir voru um ólöglega lyfjanotkun stólinn fyrir dyrnar og lýsa því yfir að við viljum alls ekki að það sé hægt að svindla í íþróttum með lyfjanotkun.

Mótahaldið innanlands er í föstum skorðum. Það liggur fyrir þinginu tillaga um skilgreiningu á A, B og C mótum. Þetta er eitthvað sem hefur verið fleytt milli þinga og formannafunda en er loksins komið hér í tillögum. Við höfum haldið Íslandsmeistaramótin okkar í báðum brautarlengdum, í sundknattleik, víðavatnssundi og að sjálfssögðu í garpaflokki. Svo er bikar kominn á fastan stað í atburðadagatali nokkurn veginn í upphafi sundársins og vonandi nær það mót því flugi sem það hafði á árum áður. Um þetta varð samkomulag á formannafundi s.l. haust.

Við höfum verið í forsvari fyrir NSF, Norræna sundsambandið, síðan 2014 og ljúkum okkar tímabili þar á næsta ári. Næsta þjóð sem fer með formennskuna er Svíþjóð. Við höfum verið í góðu samstarfi við hinar NSF þjóðirnar þegar kemur að málefnum LEN og FINA, við eigum manneskju í Sundtækninefnd LEN og Garpanefnd LEN, en einnig í Garpanefnd FINA. Við stöndum frammi fyrir því að halda ársþing LEN árið 2019 og bæði Sundtækninefnd LEN og Garpanefnd LEN munu funda hér á árunum 2018 og 2020.

Við erum í góðu alþjóðlegu samstarfi í tengslum við dómgæsluna, við fengum hér alþjóðlegan skóla FINA og gætum að því að eiga vel menntaða dómara á öllum alþjóðlegum listum sem völ hefur verið á. Það hefur kostað fjármuni eins og sjá má á reikningum sambandsins.

Á undanförunum árum höfum við séð það að íþróttadeildir fjölmiðlanna hafa verið að dragast saman og geta þeirra til að safna efni til sýningar eða umfjöllunar á þeim tímum sem við höldum okkar mót hefur dregist verulega saman á undanförunum árum.

Þessar deildir hafa líka verið að sérhæfa sig í þeim íþróttagreinum sem gefa best af sér fyrir fjölmiðilinn þó auðvitað reyni þær að halda úti einhverri umfjöllun um aðrar íþróttagreinar. Frá árinu 2006 höfum við á skipulegan hátt endurvakið og endurnýjað samskipti við deildir og einstaklinga í þessu felti. Þessi vinna hefur gengið þokkalega og sýnt okkur mikilvægi þess að vera í góðu talsambandi við fjölmiðlafólkið. Við höfum keypt tæki til að við getum sjálf safnað efni til birtingar, við ætlum að sérhæfa einstakling á okkar vegum og þannig byggja áfram upp traust. Það skiptir okkur miklu máli að fjölmiðlarnir treysti okkur og því sem frá okkur kemur, að þeir sem senda þeim efni séu ekki foreldrar að segja frá eigin börnum. Við höfum fengið ábendingar um að notkun á lýsingarorðum í hæsta stigi eigi ekki alltaf við. Markmið okkar er að geta sent frá okkur efni, það sé upplýsandi, fjölmiðlarnir geti notað það og því sé treyst. Með því móti tryggjum við lágmarksumfjöllun um íþróttina okkar.

Samskipti innan hreyfingarinnar og innan íþróttahreyfingarinnar á að vera umfjöllunarefni á þingum sem þessum. Við höfum á undanförunum tveimur árum farið um landið og reynt að aðstoða félög við uppbygginu og skipulag og lagt til fræðslu fyrir þjálfara, foreldra og sundfólk. Því miður er sundstarfið að koðna niður víða um land og við viljum koma í veg fyrir að sundíþróttin verði íþrótt stunduð eingöngu á suðvesturhorni landsins, koma í veg fyrir að íþróttin verði forréttindaíþrótt fárra. Hrafnhildur Lúthersdóttir og Eygló Ósk Gústafsdóttir hafa komið með í þessar ferðir, Hrafnhildur gerði líka góða ferð í Borgarnes í kjölfar Ólympíuleika og hún og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir héldu góðan fyrirlestur fyrir sundfólk, þjálfara og foreldra um hvernig er að vera í skóla í USA og var þeim vel tekið. Það er margt svona sem við getum lagt til á þennan hátt.

SSÍ þarf að endurskoða samskipti sín við félögin og þjálfarana. Sums staðar hefur verið mjög erfitt að ná sambandi þannig að upplýsingar kæmst inn í félögin. Við þurfum að endurskoða hvernig við sendum upplýsingar til sundfólksins. Við höfum orðið vör við að slíkar upplýsingar sem við sendum til sundfólks í gegnum þjálfara eru síðar þannig að sundfólkið fær upplýsingar of seint, of takmarkað eða jafnvel ekki. Það þarf að breytast.

Við vorum að fara í gegnum tvö mjög dýr ár. Okkur vantar tilfinnanlega að fá styrki úr atvinnulífinu. Það er ótrúlegt að forsvarsfólk stórfyrirtækja á Íslandi skuli ekki sinna þeirri samfélagslegu skyldu sinni að styðja við íþróttahreyfinguna. Það er ennþá óbragð af því að Íslandsbanki skuli vera kenndur við Ólympíufjölskylduna því sá banki fór með ólögmaetum hætti inn á reikning SSÍ árið 2008 og tók þaðan út 2.000.000 króna sem hafði verið lagður inn sem styrkur bankans við SSÍ 5 dögum fyrr. Íslandsbanki hefur ekki látið svo lítið að ansa erindum okkar eftir þetta. Kannski voru það mistök að fara ekki strax með málið í hart en þá verður auðvitað að spyrja, hefði það fært okkur betri stöðu? Við máttum að svo væri ekki, því hvaða orðspor færi af okkur eftir. Þá væri það tillitssemi við aðra í íþróttahreyfingunni að halda að okkur höndum.

Við munum undirrita nýjan samning við Icepharma á morgun, samning sem mun skila okkur áfram og við erum með í sjónmáli tvo verkefna tengda samninga við óskilda aðila, sem við vonum að náist innan mánaðar. SSÍ fær Alþingisstyrk, Lottótekjur og útbreiðslustyrki ÍSÍ og við prófuðum að setja út valgreiðslur í banka, sem kom ágætlega út en við þurfum að taka ákvörðun um það á næstu vikum hvort við eigum að halda þeirri tilraun áfram.

Ábendingar okkar sem varða reikninga sambandsins eru eftirfarandi fyrir árið 2015:

- Launakostnaður 2015 hærri en í fjárhagsáætlun vegna hækkunnar launa almennt og aukið starfshlutfall
- Mótakostnaður 2015 var hærri en á fjárhagsáætlun vegna GSSE
- Lögðum í aðeins meiri kostnað vegna tengsla út um land en gert var ráð fyrir 2015

- Tölvukostnaður hærri en gert var ráð fyrir – við gengum inn í tölvukaup vegna Smáþjóðaleika 2015

Ábendingar okkar varðandi reikninga eru eftirfarandi fyrir árið 2016:

- Launakostnaður 2016 á pari við 2015
- Breytt aðferð við bókanir á afreksstyrkjum og landsliðsverkefnum til að fá skýrari mynd af raunkostnaði landsliða – breytingar í samráði við ÍSÍ
 - Þess vegna eru tölur ekki sambærilegar milli ára
- Kostnaður við dómara erlendis var umtalsvert hærri en gert var ráð fyrir
- Annar skrifstofukostnaður hærri
 - Greitt fyrir útlagðan kostnað formanns á reglubundinn hátt sbr. samþykkt stjórnar SSÍ

Við eigum mikinn mannaúð í hreyfingunni og við þurfum að gæta að því að halda í hann. Við þurfum að gæta að því að þekking og reynsla hverfi ekki í einu vefangi út úr hreyfingunni. Við þurfum líka að gæta hvert að öðru og losa okkur við flökkusögurnar sem ganga óstaðfestar manna á meðal, það er miklu betra að spyrja viðkomandi beint og fá svar. Allir stjórnarmenn SSÍ og allir starfsmenn SSÍ eru tilbúnir að svara fyrirspurnum sem að þeim er beint og ef þeir geta ekki svarað fyrir eitthvað geta þeir bent viðkomandi á hvar svörin er að finna.

Að lokum þakka ég þeim sérstaklega sem komu að Smáþjóðaleikunum á síðasta ári. Sundið bar af í umgjörð og glæsileika og þar ber að þakka greinastjórnarmanninum Hrafnkeli Marinóssyni sem af mikilli fagmennsku stýrði verkefninu í höfn. Hann var sæmdur gullmerki SSÍ á afmælishátíð ÍBH árið 2015. Mig langar til að þakka ykkur öllum, í félögum, í nefndum og hvar sem þið komuð að starfi, takk fyrir samstarfið. Þetta er ekki einhver einn sem gerir allt, starf sambandsins byggir á samvinnu margra. Mig langar í lokin sérstaklega til að þakka henni Hlín fyrir frábært samstarf í 16 ár. Við komum saman inn í stjórn SSÍ. Hún er afburðamanneskja og hún mun verða okkur innan handar í nánustu framtíð og miðla reynslu sinni og þekkingu til okkar. Hún mun líka halda áfram að sjá um bókhald SSÍ en ég veit að hún ætlar að njóta þess að vera amma næstu vikurnar.



ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2015-2016

**Yfirlit yfir nefndir og stjórnir SSÍ,
Skýrsla stjórnar SSÍ
Skýrslur nefnda SSÍ**

EFNISYFIRLIT

<u>EFNISYFIRLIT</u>	11
<u>ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2015 OG 2016</u>	12
<u>SUNDÞING 2015</u>	12
<i>Pingforsetar</i>	12
<i>Pingritari</i>	12
<i>Kjörbréfanefnd</i>	12
<i>Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2015</i>	12
<i>Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga</i>	12
<i>Kjörin á sundþingi</i>	12
<u>NEFNDAFÓLK SSÍ</u>	13
<u>SKIPAÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2015-17</u>	13
Aga- og siðanefnd:	13
Almennings- og skólanefnd:	13
Dómara-, móta- og tækninefnd:	13
Dýfinga- og sundfiminefnd	13
Fræðslu- og kynningarnefnd:	13
Garpanefnd	13
Kjörnefnd:	13
Landsliðsnefnd:	13
Lífsbjörg:	13
Mannvirkjanefnd:	13
Víðavatnssund	13
Þjálfarnefnd:	13
Launaðir starfsmenn SSÍ 2015-2017	13
<u>SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIÐ 2015-17</u>	14
<u>INNGANGUR</u>	14
<u>STJÓRN SSÍ</u>	15
<u>SKRIFSTOFA SSÍ</u>	15
<u>REKSTUR OG AFKOMA</u>	15
<u>LANDSLIDSSTARF</u>	16
<u>STEFNA SSÍ</u>	16
<u>SUNDÍÞRÓTTIR FYRIR ALLA</u>	17
<u>LÖG OG REGLUR</u>	17
<u>MÓTAHALD SSÍ</u>	17
<u>ERLENT SAMSTARF</u>	18
<u>FJÖLMIDLAR OG SAMSKIPTI</u>	18
<u>AÐ LOKUM</u>	19

ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2015 og 2016

61. þing SSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal dagana 6. og 7. mars 2015

Sundþing 2015

Þingforsetar	Hafsteinn Pálsson og Benedikt Sigurðarson
Þingritarar	Harpa Kristín Einarsdóttir og Hlín Ástþórsdóttir
Kjörbréfanefnd	Lóa Birna Birgisdóttir Ingibjörg Helga Arnardóttir Hlín Ástþórsdóttir

Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2015

85 fulltrúar frá 25 sambandsaðilum hafa seturétt á sundþingi 2015. Kjörbréf bárust frá 8 sambandsaðilum. 42 einstaklingur eru skráðir fullgildir fulltrúar á þingið. Atkvæðafjöldi er 42 og ekkert umboð.

Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga

Kjörin á sundþingi

Stjórn SSÍ:	Formaður:	Hörður J. Oddfríðarson ÍBR – kjörinn 2013 til fjögurra ára Hlín Ástþórsdóttir ÍBH – kjörin 2013 til fjögurra ára Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR – 2013 til fjögurra ára, Lóa fór í leyfi af persónulegum ástæðum 11.febrúar 2016 Ingibjörg Kristinsdóttir ÍBR – 2015 til tveggja ára í stað Ólafs Baldurssonar Ragnar Marteinnsson ÍBR – kjörinn 2013 til fjögurra ára Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA – kjörinn 2015 til fjögurra ára Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA – kjörinn 2015 til fjögurra ára Pétur Einarsson UMSK – kjörinn 2015 til fjögurra ára – fór í leyfi frá og með 11/5 2016 Richard Kristinsson ÍBR – kjörinn 2015 til fjögurra ára – tók ekki þátt í starfi SSÍ á tímabilinu
	Varamenn:	Eva Hannesdóttir ÍBR – kjörinn 2015 til tveggja ára, færist upp í aðalstjórn 11/2 2016 Jónas Tryggvason ÍBR – kjörinn 2015 til tveggja ára, færist upp í aðalstjórn 11/5 2016
Skoðunarmenn reikninga:		Júlíus Guðnason ÍA Bjarney Sigríður Snævarsdóttir ÍRB bæði kjörin til tveggja ára.

NEFNDAFÓLK SSÍ

SKIPAD AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2015-2017

Aga- og siðanefnd:

Ásdís Ó Vatnsdal formaður
Helga Sigurðardóttir
Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar

Almennings- og skólanefnd:

Kristín Guðmundsdóttir formaður
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
Hulda Bjarkar
Ingibjörg Ísaksen
Lóa Birna Birgisdóttir fulltrúi stjórnar

Dómaranefnd:

Jón Hjaltason formaður jan 2016
Björn Valdimarsson
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir form til jan 2016
Hilmar Theódór Björgvinsson
Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir
Ólafur Baldursson
Sigurður Óli Guðmundsson
Viktoría Gísladóttir
Elsa María Guðmundsdóttir fulltrúi stjórnar

Móta- og tækninefnd

Ragnhildur Guðjónsdóttir
Emil Örn Harðarson mótastjóri fulltrúi stjórnar

Dýfinga- og sundfiminefnd

Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar

Fræðslu- og kynningarnefnd:

Bjarney Guðbjörnsdóttir Vesturland
Salóme Rut Harðardóttir Austurland
Benedikt Sigurðsson Vestfirðir
Dýrleif Skjöldal Ingimarsdóttir Norðurland
Ingibjörg Kristinsdóttir fulltrúi stjórnar

Garpanefnd

Einar Hauksson
Karl Georg Klein
Sigmar Björnsson
Þórunn Kristín Guðmundsdóttir
Hlín Ástþórsdóttir fulltrúi stjórnar

Kjörnefnd:

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir formaður
Jón Hjaltason
Jónas Tryggvason
Hlín Ástþórsdóttir fulltrúi stjórnar

Landsliðsnefnd:

Magnús Tryggvason formaður
Eðvarð Þór Eðvarðsson
Ingi Þór Ágústsson
Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvstj SSÍ
Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari fulltrúi stjórnar

Lífsbjörg:

Hafþór Guðmundsson
Finnbjörn Aðalheiðarson

Mannvirkjanefnd:

Jóhannes Benediktsson ÍBR formaður
Trausti Gylfason ÍA
Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar

Sundknattleiksnefnd:

??? fulltrúi stjórnar

Víðavatnssund

Ragnheiður Valgarðsdóttir formaður
Birgir Skúlason
Guðmundur Sigurbjörnsson
Harpa Hrund Berndsen
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir
Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar

Þjálfaranefnd:

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir formaður
Ragnar Friðbjarnarson
Ragnheiður Runólfsdóttir
Jacky Jean Pellerin fulltrúi stjórnar

Launaðir starfsmenn SSÍ 2015-2017

Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri
Emil Örn Harðarson mótastjóri
Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari
Hörður J. Oddfríðarson formaður í september 2016

SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSTÍMANN 2015-2017

Inngangur

Stjórn SSÍ var samhent í störfum sínum og langoftast lítill ágreiningur um afgreiðslu mála. Stjórnarfólk lagði mismikið af mörkum eins og gengur, um virkni stjórnar má lesa í fundargerðum sambandsins.

Enn er það svo að nefndir sambandsins eru misvirkar, dómaranefnd, fræðslunefnd og landsliðsnefnd störfuðu reglulega á tímabilinu auk þess sem aga- og síðanefnd kom saman þegar það átti við. Stjórn SSÍ þarf að endurskoða vinnubrögð sín í upphafi starfstíma þegar kemur að skipun í nefndir, því það er til lítils að skipa fólk í nefndir sem ekki eru virkar.

Árið 2015 var Eygló Ósk Gústafsdóttir kjörin íþróttamaður ársins og 2016 lenti Hrafnhildur Lúthersdóttir í öðru sæti í því kjöri.

Við höfum sett okkur raunhæfa og góða afreksstefnu sem er í stöðugri endurskoðun og er reynt eftir fremsta megni að framfylgja þeirri stefnu. Í landsliðsnefnd eru reynsluboltar, landsliðsþjálfari og framkvæmdastjóri SSÍ. Það er ljóst að nefndin skilar okkur markvissu landsliðsstarfi ásamt því að mörg félög eru meðvitaðri um nauðsyn þess að hlúa að afreksstarfinu.

Við höfum gert okkur gildandi í Norðurlandasamstarfinu (NSF) auk þess sem við tökum virkan þátt í alþjóða- og Evrópusamstarfinu (FINA og LEN). Ísland tók við formennsku í NSF árið 2014 og mun halda þeirri stöðu til ársins 2018. Í samvinnu við NSF eigum við fulltrúa í sundtækninefnd LEN og Garpanefndum LEN og FINA.

Fundargerðir stjórnar hafa verið birtar á heimasíðu SSÍ. Utanumhald gagna hefur verið í höndum starfsmanna sambandsins en þar er komið að kaflaskilum, framundan er að endurskoða gagnageymslu sambandsins um leið og við tökum þéttar á eigin fjölmiðlun.

Dómaramál í sundi eru í föstum skorðum. Stjórn SSÍ leggur mikla áherslu á að viðhalda þekkingu sunddómara á Íslandi. Íslensk sundhreyfing hefur fengið hrós erlendis fyrir virka og góða dómgæslu á alþjóðlegum mótum hér heima og góða þekkingu þeirra dómara sem hafa farið erlendis á okkar vegum til að sinna dómgæslu. Við eigum 5 alþjóðlega dómara á listum FINA en það skiptir okkur miklu máli að hafa þessar stöður mannaðar því bæði Íslandsmeistaramótin auk að minnsta kosti þriggja annarra móta eru alþjóðleg hér á landi og þarf að framkvæma samkvæmt ítrustu reglum. Það er því stór sparnaður í því að eiga alþjóðlega dómara til að dæma á þessum mótum því annars þyrftum við að fá þá erlendis frá með tilheyrandi kostnaði. Reynt hefur verið að senda dómara erlendis til að viðhalda þekkingu dómara og víðsýni. Segja má að árið 2016 sé einskonar hápunktur fyrir íslenska alþjóðlega dómara við störf erlendis því hvorki fyrir né síðar hafa jafnmiklir fjármunir farið í þann hluta starfssemi SSÍ. Smáþjóðaleikarnir voru haldnir á Íslandi 2015 og við lögðum mikið upp úr því að okkar fólk væri vel undirbúið til að takast á við það verkefni.

Stjórn SSÍ mun hér eftir sem hingað til aðstoða félög við að reyna að fá betri aðstöðu til sundiðkunar í þeirra heimabæjum en ekki hefur lagast aðstaðan hvorki á Ísafirði, Akureyri né Akranesi þar sem vonast var eftir nýjum innisundlaugum í samræmi við yfirlýsingar bæjarfulltrúa á þessum stöðum. SSÍ hefur samstarf við Myrtha pools til að ýta undir og flýta þessari uppbyggingu. Það samstarf er vonandi að aukast nú á vormánuðum.

Íslendingar eru vel kynntir í garpasundi á alþjóðavísu. Á HM garpa í Kazan árið 2015 var formaður SSÍ við störf sem hluti af garpanefnd FINA og hann var einnig við störf á EM garpa sem fram fór í London á síðasta ári. Þar kepptu einnig 7 Íslendingar, þau Finni Aðalheiðarson, Ragna María Ragnarsdóttir, Rémi Spilliaert og Þórunn Kristín Guðmundsdóttir úr Sundfélaginu Ægi, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Kári Geirlaugsson úr Sundfélagi Akraness, Guðmunda Ólöf Jónasdóttir UMSB og Karen Malmquist úr Óðni. Þau settu samtals 17 garpamet í sínum aldursflokkum og gerðu vel á mótinu. Þeir Gunnar Viðar Eiríksson og Sigurður Óli Guðmundsson stöðu við dómgæslu á garpamótinu þar sem Sigurður Óli var í hlutverki yfirdómara og Gunnar sem almennur dómari. Þeir fengu mjög jákvæða umsögn um sín störf og framkvæmdaðilar mótsins sögðu þá hafa unnið mjög faglega.

Stjórn SSÍ staðfesti 26 félagaskipti sem er töluverð aukning frá fyrra tímabili og þar að auki skipti heilt sundknattleikslíð um félag, samtals 16 einstaklingar.

184 íslensk met voru staðfest á starfstímanum, þar af af 56 Íslandsmet í sundi og 8 landsveitarmet. Það er aukning frá fyrra tímabili, en það er áhyggjuefni að einungis 39 aldursflokkamet voru slegin á árunum 2015 - 2016 á móti 116 á starfstímanum 2013 til 14. Þá voru staðfest 83 met í garpaflokkum.

Við þurfum að huga vel að fjölgun í sundhreyfingunni og finna ráð til að auka iðkun sundíþróttar. Félögum stendur til boða að fá aðstoð frá SSÍ við uppbyggingu. Landsliðsþjálfari, mótastjóri, ýmsir úr stjórn SSÍ og fleiri hafa farið í heimsóknir til að segja heima fólki til og styðja við það starf sem í gangi er. Við sjáum aukna þörf á þessu enda er það í samræmi við fyrirlestra og umræður á ráðstefnu sem fram fór í tengslum við sundþing 2015 og fyrir yfirstandandi þingi er tillaga um aukinn þunga í þetta starf.

Stjórn SSÍ

Stjórn SSÍ hélt 24 fundi á tímabilinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi um einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af 9 aðalmönnum og 2 til vara.

Í kjölfar sundþings 2015 skipti stjórnin með sér verkum, Hlín Ástþórsdóttir er varaformaður, Lóa Birna Birgisdóttir er gjaldkeri en hún fór í leyfi í byrjun árs 2016 og hafa gjaldkerastörfin verið á herðum framkvæmdastjóra síðan. Enginn stjórnarmaður vildi taka að sér stöðu ritara framan af, þannig að formaður ritaði flesta stjórnarfundi. Framkvæmdaráð náði ekki flugi á liðnu tímabili en starfsmenn SSÍ hittust ásamt formanni nokkuð reglulega auk þess að vera í síma- og rafpóstamskiptum.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn SSÍ á tímabilinu. Richard Kristinsson kom ekki til starfa og Pétur Einarsson fór í leyfi vegna anna í maí 2016. Þá fór Lóa Birna í leyfi eins og áður segir. Eva Hannesdóttir og Jónas Tryggvason urðu því fullgildir stjórnarmenn en Jónas býr erlendis eins og er og hefur því tekið að sér ákveðin verkefni fyrir hönd SSÍ og skilað þeim vel.

Á þessu sundþingi ganga fjórir aðalstjórnarmenn úr stjórn auk formanns og tveggja varamanna. Úr aðalstjórn ganga þau Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Ingibjörg Kristinsdóttir og Ragnar Marteinson meðstjórnendur og úr varastjórn ganga þau Eva Hannesdóttir og Jónas Tryggvason. Við þurfum því að kjósa formann og fjóra aðalstjórnarmenn til fjögurra ára, en auk þess þarf að kjósa tvo aðalstjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til tveggja ára. Eins og sjá má eru þetta töluverðar breytingar sem liggja fyrir á stjórn, en þar munar mestu um að varaformaður SSÍ, Hlín Ástþórsdóttir, hefur ákveðið að láta gott heita í stjórnarstörfum eftir yfir 19 ára samfelld starf fyrir SSÍ, fyrst sem starfsmaður sambandsins og síðan 16 ár stjórnarmaður í SSÍ og lengst af varaformaður.

Skrifstofa SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir hefur verið í fullu starfi sem framkvæmdastjóri. Það breytist 1. apríl 2017 þegar hún færir sig í 60% starfshlutfall. Emil Örn Harðarson er í fullu starfi sem mótastjóri en hann sér að auki um heimasíðu sambandsins og er að setja sig inn í miðlun upplýsinga og fréttabæði á heimasíðu og til fjölmiðla. Jacky Pellerin er með samning sem landsliðsþjálfari í hlutastarfi til loka HM50 2017 eða til 31. júlí 2017.

Skrifstofa SSÍ var flutt í rýmra húsnæði, yfir ganginn í húsi 3 í Laugardalnum. Nú er aðstaða fyrir a.m.k. tvo starfsmenn á skrifstofu, auk þess sem möguleiki er að halda smærri fundi þar. SSÍ er með geymslurými í Laugardal en að auki er leigt geymslurými úti í bæ.

Tækjabúnaður SSÍ er að úreldast og framundan er að endurnýja hluta af honum ásamt fylgitækjum. Við gengum inn í kaup á fjórum fartölvum í kjölfar Smáþjóðaleika, tölvur sem við höfum uppfært til að nýttast betur í daglegum störfum og munu endast ef vel er á haldið í eitt til tvö ár ennþá, skjáir, lyklaborð, prentarar og þess háttar eru komin á tíma. Þá erum við að koma okkur upp tækjabúnaði til að geta sent ljósvakamiðlum fréttamyndir og einnig til að geta streymt sjálf frá okkar mótum. Við eigum í ágætum samstarfi við íþróttafréttadeild RÚV í þessu sambandi og sækjum þangað ráð og þekkingu.

Samstarf SSÍ við ÍSÍ er gott og SSÍ á í ágætum samskiptum við önnur sérsambönd.

Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabíl fært bókhald sambandsins og heldur því starfi áfram.

Rekstur og afkoma

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Lausafjárstaðan er stöðugt umræðuefni á fundum stjórnar SSÍ og við leggjum mjög mikið upp úr því að reka sambandið í jafnvægi. Fjárhagsleg afkoma SSÍ árin 2015 og 2016 er heldur verri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, þó er fjárhagsleg afkoma SSÍ þessi tvö ár nokkuð í samræmi við væntingar þar sem við fórum í gegnum mjög dýrt ár 2015, með Smáþjóðaleika á Íslandi sem kostuðu hreyfinguna þónokkuð og svo HM50 í Kazan og EM25 í Ísrael, en ferðakostnaður við þessi tvö mót var töluverður. Árið 2016 er Ólympíuár, þau hafa alltaf aukinn kostnað í för með sér. Við lögðum töluvert í EM50 sem var haldið í London og vorum með stóran hóp á HM25 í Kanada í desember síðastliðnum. Kostnaður við Ólympíuleika var töluvert umfram áætlun þar sem tekin var ákvörðun um að senda annan þjálfara með landsliðsþjálfara til Ríó. Til að minnka útgjöld SSÍ var ákveðið að formaður SSÍ færi ekki til Ríó. Í stefnu SSÍ kemur fram sá metnaður að sundfólk sem keppir á EM, HM eða Ólympíuleikum þurfi ekki að greiða úr eigin vasa fyrir þátttöku í þessum mótum. Það tókst á árunum 2015 og 2016.

Við erum enn og aftur langt undir væntingum okkar þegar kemur að fjáröflunum utan við styrki Alþingis, Lottótækjur og útbreiðslustyrki. Speedo hefur verið stuðningsaðili okkar utan hinna opinberu styrkja og í burðarliðnum er samningur við þá á ný. Þá hefur einnig náðst samband við lítinn hóp fyrirtækja sem hafa áhuga á að koma sameiginlega að því að styrkja SSÍ í skilgreindum verkefnum. Vonandi næst að loka þeim samningum fyrir vorið.

Stjórn SSÍ breytti um takt í fjáröflunum á starfstímanum, til dæmis send var valgreiðsla á valinn hóp í heimabanka. Sú aðferð gekk bærilega og til stendur að endurtaka þetta nú á vordögum.

Lausafjárstaða SSÍ hefur lengst af verið í járnnum. Á starfstímabilinu 2013 til 2015 tókum við ákvörðun um að safna í sjóð til að lenda ekki í lausafjárþurrð þegar stór verkefni stæðu fyrir dyrum. Sú vinna hefur gengið ágætlega en var ekki lokið þegar kom að síðastliðnum tveimur árum. Þess vegna hefur gengið á sjóðinn og mikilvægt að hefja þá vinnu á ný og koma okkur upp veglegum varasjóði. Miðað við umfang starfseminnar væri skynsamlegt að eiga a.m.k. 10 milljónir króna í slíkum sjóði. SSÍ óskar áfram eftir því við aðstandendur hreyfingarinnar að fjáröflun fyrir landslið verði eflað og framkvæmd oft og allir taki virkan þátt.

Tekjur SSÍ úr Getrauna- og Lottópottum eru svipaðar og gert var ráð fyrir í áætlunum.

Samskipti milli SSÍ, Menntamálaráðuneytisins, Fjármálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar og Sundíþróttamiðstöð Íslands og Þjóðarleikvangur í sundíþróttum eru ennþá í gangi og við vonumst til að ljúka þeirri vinnu sem allra fyrst. Allir aðilar hafa verið jákvæðir og vonir standa til þess að niðurstaðan verði sterkari umgjörð um sundíþróttir á Íslandi og aukin opinber framlög í uppbyggingu og útbreiðslu sundíþróttar.

Markmið stjórnar hefur verið að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og Þjónustugjöld ásamt hluta útbreiðslustyrks standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins og Þjónustu við félög og deildir. Það hefur nokkurn veginn tekist. Fyrir sundþingi liggur tillaga um breytt starfsmannahald sem er fjárhagslega ennþá innan þessa ramma.

Styrkir vegna landsliða hafa fyrst og fremst komið frá Afrekssjóði ÍSÍ og Speedo á Íslandi. Aðrir aðilar hafa ekki séð sér hag í því að styrkja landslið SSÍ og af þeim sökum hefur kostnaður við sum landsliðsverkefni lagst að hluta til á sundfólkið. Það er umhugsunarefni hvernig við getum náð sambandi við forsvarsfólk stórra fyrirtækja og hafið samráð og samvinnu við þau um svo þarft samfélagslegt verkefni sem uppbygging sundíþróttar á Íslandi er.

Samstarf við Myrtha pools gæti hugsanlega skilað okkur töluverðum fjármunum ef rétt er á spilum haldið. Það mun einnig styðja við uppbygginguna ef við náum að fá betri aðstöðu upp byggða víðar.

Aftekssjóður ÍSÍ úthlutaði hreyfingunni fé til skilgreindra verkefna SSÍ. Verkefnatengdir styrkir Aftekssjóðs til SSÍ eru okkur mikilvægir því þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við þátttöku afrekslandsliðs í Evrópu- og heimsmeistaramótum.

Landsliðsstarf

Landsliðsstarfið gekk með ágætum og landsliðsnefnd var skipuð reynslumiklu fólki sem starfaði í góðu samstarfi við félögin. Við skipuleggjum landsliðsstarfið inn í tímabilið milli Ólympíuleika og þá er þátttaka okkar í EM og HM í báðum brautarlengdum okkur mikilvæg og ekki er síður mikilvægt að huga að alþjóðlegum unglingsmótum og nota þau til uppbyggingar. Landsliðsþjálfari hefur sinnt flestum verkefnum fyrir okkar hönd en við höfum einnig notið góðs stuðnings félaganna sem hafa heimilað þjálfurum sínum að taka að sér einstök verkefni.

Tokýó 2020 hópurinn er ennþá til en nauðsynlegt er að skerpa á tilgangi hans og verkefnum honum tengdum.

Landslið okkar á Smáþjóðaleikunum í Reykjavík 2015 stóð sig afburðavel. Sundfólkið sem keppti á HM50 í Kazan gerði einnig góða hluti, þar fór Hrafnhildur Lúthersdóttir fyrst íslenskra sundkvenna í úrslit á HM í löngu brautinni. Sundfólkið sem keppti í Ísrael á EM25 2015 vakti einnig athygli en Eygló Ósk Gústafsdóttir vann þar til tvennra bronsverðlauna fyrst íslenskra kvenna á EM í stuttu brautinni. Á EM50 í London 2016 má segja að Hrafnhildur Lúthersdóttir hafi komið séð og sigrað þegar hún vann til tvennra silfurverðlauna og bronsverðlauna á því móti, ennþá fyrst íslenskra sundkvenna til að ná þeim árangri á EM í löngu brautinni. Þessar tvær sundkonur urðu svo fyrstar Íslendinga til að komast í úrslit á Ólympíuleikum þegar þær afrekuðu það í Ríó síðastliðið sumar. Með þeim í Ríó var Anton Sveinn McKee og gerði vel á mótinu, eins og hann hafði einnig gert á EM50 og HM50. Á HM25 í Windsor í Kanada keppti svo stór hópur Íslendinga, allir voru að gera sitt besta og við náðum að taka þátt í boðsundskeppni karla, kvenna og í blönduðum flokki. Á NM 2016 vann Sunneva Dögg Robertson til bronsverðlauna í 400 metra fjórsundi og Hafþór Jón Sigurðsson vann einnig bronsverðlaun í 1500 metra skriðsundi. Kristinn Þórarinnsson vann bronsverðlaun í 200 metra fjórsundi á NM 2015.

Það liggur fyrir að við þurfum að leggjast í uppbyggingu yngra sundfólks. Í þeim landsliðsverkefnum sem unglingslandsliðin tóku þátt í voru allir við sína bestu tíma og jafnvel að bæta sig en voru þó of langt frá því að komast í efstu sæti. Það er áhyggjuefni og næstu ár er nauðsynlegt að bæta úr þessu og efla unglingshópina okkar.

Stefna SSÍ

Uppfærð stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvorutveggja fyrir sundþingi nú í yfirfarinni útgáfu, ásamt tillögu um að ráða starfsmann í uppbyggingu sundfólks og félaga. Sá starfsmaður hefði verkefni landsliðsþjálfara einnig með höndum. Í stefnunni er byggt á fyrri stefnu sambandsins auk þess sem afrekshlutinn er útfærður í samræmi við vilja síðasta þings, markmið skýrð og bætt var við sérstökum kafla um unglingslandslið. Stefna sem þessi er í

sífelldri endurskoðun og á að vera lifandi og breytileg eftir aðstæðum og þess vegna eru einnig lögð fram á þessu sundþingi skjöl sem fyrst og fremst eru til að vekja hugmyndir og geta orðið drifkraftur í að uppfæra lifandi stefnu. Það skiptir máli að afreksstefnan sé uppfærð reglubundið og stillt af, því hún er grundvöllur þess að við getum fengið styrki úr Afreksjóði ÍSÍ.

Stefnumótun SSÍ er þó ekki eingöngu til gagnvart afreksfólkinu okkar og þess vegna er hún útfærð fyrir aðrar sundíþróttir og almenning, eins og sjá má hér á eftir. Stefnan er til þess að standa við bakið á þeim einstaklingum sem velja þann lífsstíl sem afreksíþróttir krefjast en einnig til að vernda og bæta almenna umgjörð um sundíþróttir á Íslandi. Það er ennþá von okkar að eftir tiltölulega fá ár getum við staðið upp og sagt „sundíþróttir standa öllum þeim til boða sem vilja stunda þær“. Til þess að það takist þurfum við að ná eyrum sveitarstjórna og landsstjórnar og við þurfum að herða upp á þeirri sjálfssögðu kröfu að allir Íslendingar eigi að kunna að synda.

Sundíþróttir fyrir alla

Samkvæmt iðkendonum er sem áfram fækki í sundfélögum landsins þrátt fyrir að sund sé einhver sú fjölmennasta íþrótt sem iðkuð er hér á landi. Við þurfum að finna leið til að ná til fleiri einstaklinga, til að fjölga iðkendum í sundíþróttum. Aðstaða hefur lagast til muna til að iðka dýfingar eftir að skipt var út brettum í Sundhöllinni í Reykjavík. Reynt hefur verið að auka iðkun í sundknattleik. Nauðsynlegt er að ná betra samstarfi við sundkennara til að kynna sundknattleik og keppnissund.

Víðavatnssund er sú sundíþrótt sem hefur notið mikilla vinsælda hin síðari ár og er stöðugt að bæta við sig. Aukinn opnunartími í Nauthólsvík hefur þar átt stóran þátt.

Fjölgun hefur einnig verið hjá Görpum og eigum við von á enn frekari fjölgun þar og ánægjulegt að sjá Íslendinga í garpakeppni erlendis eins og sagt er frá í inngangi skýrslunnar. Mörg félög hafa staðið sig vel í þjónustu við þann hóp en fleiri mættu gera betur.

SSÍ hefur staðið fyrir skólasundmóti síðastliðin vor auk þess sem við styrktum skóla á einstökum svæðum sem stóðu fyrir skólámótum í sundi. Útfærsla þessara skólasundmóta er á tímamótum. Okkur er nauðsynlegt að ná þessari keppni um allt land því í þessum mótum liggur lífæð okkar og möguleiki á að ná fleiri iðkendum.

SSÍ tók nýja grein undir sinn verndarvæng á starfstímabilinu 2013 til 2015 og hefur Lífsbjargarhópurinn sem var stofnaður í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið séð um sig sjálfur undir styrki stjórn þeirra Finna Aðalheiðarsonar og Hafþórs Guðmundssonar. Á hinum Norðurlöndunum er keppt í Lífsbjörg en hér á landi erum við fyrst í stað að hugsa um að þeir sem eiga að gæta sundfólksins eigi sér sameiginlegan vettvang en það eru auðvitað þjálfarar og starfsfólk sundlauganna.

Lög og reglur

Á þessu þingi liggja fyrir 2 lagabreytingatillögur og einnig tillögur um minniháttar reglugerðarbreytingar.

Öll lyfjapróf sem tekin voru af íslensku sundfólki á liðnu starfstímabili reyndust neikvæð, þ.e. allir stóðust prófin. Það er sundhreyfingunni mikils virði að teljast til þeirra íþróttagreina þar sem lyf og sterar koma ekki við sögu. Þó urðu það nokkur vonbrigði að stjórn FINA skyldi heykjast á því að taka einarða afstöðu gegn lyfjamisnotkun í takt við Alþjóðafriðsambandið. Á þingi FINA í júlí næstkomandi munum við sjá mjög alvörubrunna umræðu um það.

Áfram vörum við við notkun fæðubótarefna meðan innihaldslýsingum er ábótavant og ekki fullkomin rök fyrir neyslu aukaefna. Neysla fæðubótarefna, vítamína og orkudrykkja er ávallt á ábyrgð þeirra sem neyta.

Mótahald SSÍ

Mótahald SSÍ hefur verið í föstum skorðum. Bikarmeistaramótinu hefur verið fundin helgi í upphafi sundárs og er þá vonandi komið á fastan punkt og getur þróast í skemmtilega keppni.

AMÍ komst í fastar skorður en þó hefur sundfólkið kvartað yfir því að það vanti langsgreinar á mótið. Gera má ráð fyrir að sundþing álykti um málið.

Framkvæmd móta hjá SSÍ tókst vel og er vert að þakka þeim félögum sem tóku að sér framkvæmd mótanna.

Uppskeruhátíð SSÍ er orðin fastur liður í starfinu að loknu ÍM 25 þar sem sundfólk fær viðurkenningar fyrir síðasta sundár. Hátíðin er ávallt áfengislaus og er öllum til sóma.

Íslandsmót var haldið í Víðavatnssundi í samstarfi við Hið íslenska kaldvatnsfélag bæði árin og tókst vel, þátttaka hefði þó mátt vera meiri.

Garpastarfið er í föstum skorðum og ávallt fjölmenni á IMOC og fleiri félög farin að gera ráð fyrir keppni garpa. Þríþrautin heldur áfram að dafna og er mikil fjölgun í þeirri íþrótt sem styður við garpastarfið.

Sundknattleik er hægt og sígandi að vaxa fiskur um hrygg, Íslandsmótið er komið á fastan stað í byrjun maí og mikill metnaður er í þeim sem stunda greinina en þeir hafa komist í samband við erlenda klúbba sem vilja koma hingað til keppni. Stjórn SSÍ mun að líkindum koma að frekari uppbyggingu sundknattleiks í náinni framtíð.

Keppni í dýfingum eða samhæfðri sundfimi fór ekki fram á tímabilinu, en þar þarf að taka til hendi.

Erlent samstarf

Alþjóðlegir dómarar okkar Íslendinga hafa verið að dæma á mótum LEN og FINA og fá undantekningalaust góða og jákvæða umsögn að mótunum loknum. Það er okkur mikilvægt að viðhalda okkar góða orðspori í alþjóðlegu sundsamhengi. Á vormánuðum 2016 var haldinn alþjóðlegur dómaraskóli á vegum FINA í Laugardalnum. Til landsins komu tveir alþjóðlegir kennarar og skólann sóttu 27 íslenskir dómarar, en einnig 8 erlendir dómarar, frá Kosovo, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum. Vert er að þakka Sigurði Óla Guðmundssyni sérstaklega fyrir hans framlag við undirbúning og framkvæmd skólans. Þá má þakka sundfólki úr SH fyrir ágæta sviðsetningu á sundmóti en þau framkvæmdu fjölmargar ógildingar að beiðni kennaranna frá FINA.

SSÍ hefur, að undirlagi ÍSÍ, unnið að því að auka áhrif sín innan Norræna sundsambandsins NSF, Evrópska Sundsambandsins LEN og Alþjóða sundsambandsins FINA.

Norrænt samstarf hefur verið okkar stökkpallur inn í starf stærri samtakanna þar sem Norðurlandþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverjar aðra. Einnig hafa smáþjóðir Evrópu haft með sér samtök til að gæta sameiginlegra hagsmuna á þingum LEN og FINA. Ísland situr í forsæti fyrir NSF til ársins 2018 og þar höfum við lagt áherslu á að halda okkar hlut en einnig að koma fleiri konum að í starfi evrópska- og heimssambandsins. Þórunn Kristín Guðmundsdóttir er ein þeirra kvenna og er nú meðlimur í sundtækninefnd LEN en hún tók við því kefli af föður sínum Guðmundi Harðarsyni sem sat í nefndinni um langt árabíl og ávann sér þar mikla virðingu fyrir störf sín. Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ er nú varaformaður garpanefndar LEN og meðlimur í garpanefnd FINA.

Formaður og varaformaður SSÍ hafa haldið utan um alþjóðlegt samstarf og ábyrgð í alþjóðlegum samskiptum. Þing LEN var haldið hér á landi vorið 2011 og við höfum boðist til að halda það að nýju vorið 2019. Þá munum við bjóða garpanefnd LEN að funda hér, en ekki er ljóst hvort það verður árið 2018 eða 2020.

Í alþjóðlegu samstarfi hefur Ísland skipað sér í flokk með öðrum norrænum þjóðum auk þess sem við höfum sérstaklega ræktað tengsl okkar við Þýskaland, Frakkland, Bretland og Írland. Markmið þessara landa er að sameina Evrópu á ný og ná þannig eðlilegum styrk í FINA. Um þessar mundir fara fram mikil átök bakvið tjöldin innan FINA og virðst svo sem einhverjar þjóðir eða álfur séu að kaupa sér aukin völd innan Alþjóðaólympíuhreyfingarinnar í gegnum alþjóðasambönd íþróttagreinanna.

Á síðasta ári urðu átök um forsæti í LEN, átök sem undu upp á sig vegna þess að tveir af varaförsetum FINA höfðu óviðurkvæmileg afskipti af kosningunni. Þetta kærði LEN til CAS dómstólsins sem nú er með málið til umfjöllunar. Von er á niðurstöðu innan tveggja mánaða.

Fjölmiðlar og samskipti

Samskipti SSÍ við fjölmiðla hafa verið nokkuð góð og byggjast á persónulegum tengslum sem myndast milli aðila. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að halda þessu sambandi stöðugu. Örlítinn skugga bar á þetta ágæta samstarf í lok síðasta árs en virðist ekki ætla að hafa eftirmála. Á síðustu tveimur árum höfum við verið að fóta okkur í sýnbreytilegu fjölmiðlaumhverfi, þar sem flestir fjölmiðlar virðast í raun vera að skera niður eigin öflun á íþróttafréttum en byggja meira á aðsendu efni. SSÍ vinnur þess vegna að því að koma sér upp tækjabúnaði til að senda beint af eigin mótum í gegnum streymi á internetinu. Kostnaður við að kaupa þá þjónustu er það mikill að þessi fjárfesting mun borga sig upp á örfáum árum ef að líkum lætur. Þá er kostnaður við að kaupa útsendingu af sjónvarpsstöðvunum einnig í þeim farvegi að það er ekki nokkur leið að réttlæta það miðað við fjárhag SSÍ. Í ár höfum við í samstarfi við nokkur önnur sérsambönd ÍSÍ náð að setja upp „íþróttahelgi“ sem RÚV mun senda beint frá. Þetta samstarf er að frumkvæði íþróttadeildar RÚV.

Við höfum gefist upp á því að kalla eftir fjölmiðlafulltrúum á SSÍ mót úr félögunum því það er nokk sama hversu margir hafa skoðanir á því hvernig eigi að sinna fjölmiðlum og hvað eigi að senda þeim og hvenær þá gefur sig enginn fram til starfans. Við sjáum einnig á félagsmótum að þessum þætti er nánast ekki sinnt og ekki eru margir dagar síðan sundhreyfingin fékk ádrepu í Morgunblaðinu vegna þess að enginn hafði sinnt því að senda upplýsingar til fjölmiðla um félagsmót sem var í uppsiglingu, þar sem myndu keppa íþróttamaður ársins 2015 og sú sem varð í öðru sæti 2016 og í kortunum lægi möguleiki á því að ná keppnisrétti á Heimsmeistaramót. SSÍ mun að öllum líkindum bregðast við með því að senda upplýsingar um helstu félagsmótið á sama hátt og við höfum sent upplýsingar um Íslandsmótið til fjölmiðla. Við höfum einnig breytt starfslýsingu mótastjóra og gert hann ábyrgan fyrir tilkynningum um mót SSÍ og að senda upplýsingar af þeim. Svo gæti farið að hann fylgdi einnig landsliðum á stærri mót erlendis til að sinna efnisöflun og upplýsingaskyldu.

Vefsíða SSÍ er í umsjá mótastjóra og verður uppfærð nú á vormánuðum ásamt því að koma stafrænu gagnasafni SSÍ fyrir á varanlegan hátt í aðgengilegri geymslu. Við sjáum fram á að fréttir á heimasíðu verði reglulegri en á meðan félög sinna ekki þeim möguleika að vekja athygli á því sem er að gerast hjá þeim með því að senda SSÍ ábendingar og efni verður lítið um efni frá félögum á síðunni.

Samskipti við félögin hafa verið með góðu sniði þetta starfstímabil. SSÍ hefur lagt til fræðslu og leiðbeiningu til minni félaga úti á landi en landsliðsþjálfari, mótastjóri, Ingibjörg Kristinsdóttir stjórnarmaður í SSÍ og Ingi Þór Ágústsson fyrrum stjórnarmaður í SSÍ hafa lagt land undir fót af þessu tilefni ásamt sundfólkinu Kristni Þórarinssyni og Karen Sif Vilhjálmsdóttur.

Hrafnhildur Lúthersdóttir fór í Borgarnes og átti fund með æskunni þar í kjölfar Ólympíuleika og þær Hrafnhildur og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir héldu góðan fund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þar sem þær töluðu um hvernig væri að vera sundmaður og námsmaður í Bandaríkjunum. Fullt var út úr dyrum, en sundfólk, foreldrar og þjálfarar tóku mjög vel í erindi þeirra og sköpuðust skemmtilegar umræður. Stefnt verður að fleiri svona stundum.

Langflestir þeirra sem eru að störfum innan íþróttahreyfingarinnar eru í sjálfböðavinnu og eyða miklum tíma í þágu íþróttanna. Það reynist æ erfiðara að fá fólk til starfa í íþróttahreyfingunni sem er kannski skiljanlegt þar sem fólk greiðir oftar en ekki með sér á ýmsan hátt. Þá er slúður og kjaftagangur viðloðandi hreyfinguna oft í neikvæðasta skilningi og fólk ekki tilbúið að leggja sjálft sig undir í slíku. Þessu þurfum við að breyta því við þurfum á sjálfböðaliðum að halda til að ná saman í þeim verkefnum sem fyrir liggja.

Að lokum

Við í sundhreyfingunni erum heppin að hafa allan þennan fjölda af fólki sem er tilbúinn að leggja á sig mikla vinnu til að sundfólkið okkar geta stundað íþróttina af kappi. Við gerum ráð fyrir að starfið sé gefandi og skemmtilegt og því þurfum við að vera góð við hvort annað og muna að við erum öll að vinna að sama markmiði. Við erum líka mannleg og misjöfn.

Fyrir hönd SSÍ þakka ég öllum, sem komu að sundkeppni Smáþjóðaleikanna á Íslandi 2015 fyrir ómetanlegt framlag í dómgæslu, tæknivinnu, verðlaunaveitingum, umferðarstýringum, veitingasölu og fleiri störfum bæði í aðdraganda og meðan á leikunum stóð. Án þessa fólks hefði sundkeppnin ekki orðið svipur hjá sjón. Einnig þakka ég ykkur sem tókuð þátt í að undirbúa sundliðið á leikunum og gerði okkur kleift að senda sterkt og samhent lið til keppni. Þjálfararnir þeir Jacky Pellerin landsliðsþjálfari og Klaus Jürgen-Ohk aðstoðarþjálfari, Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkrapjálfari, Málfríður Sigurhansdóttir flokkstjóri og síðast en ekki síst sundliðið allt, takk fyrir frábæra skemmtun. Sundhreyfingin og reyndar öll þjóðin fylgdist með undirbúningi og árangri. Við megum þakka fyrir skemmtunina og árangurinn sem náðist. Starfsfólk Laugardalslaugar, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og ÍSÍ fá þakkir fyrir góða samvinnu og útsjónarsemi og að lokum fá þeir sem komu til að horfa á sundkeppnina þakkir fyrir stuðninginn.

Íþróttir ganga út á samkeppni og samstarf. Við erum hreyfing sem telur 7 viðurkenndar íþróttagreinar, þar af 5 Ólympíugreinar. Við eigum ónýtta möguleika til að verða fyrirferðameiri og stærri þannig að þeir sem stunda þessar íþróttagreinar fái möguleika á að takast á við sundíþróttafólk á alþjóðlegum vettvangi. En fyrst þurfum við að vinna heimavinnuna okkar.

Mannauðurinn sem hreyfingin býr að er fjársjóður sem við þurfum að gæta að til að það skili sér í öflugri og sístækkandi sundíþróttahreyfingu á Íslandi.

Stjórn SSÍ þakkar nefndarfólki það sem það lagði af mörkum á árinu og fólkinu í sundhreyfingunni fyrir samstarfið á liðnum starfsárum. Ég þakka einnig stjórnarfólki góð og gefandi samskipti á tímabilinu, sérstaklega þakka ég Hlín Ástþórsdóttur frábært og gefandi samstarf í 16 ár í stjórn SSÍ.

Fh stjórnar Sundsambands Íslands
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

Skýrslur nefnda starfsárin 2015 til 2017

AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2015-2017

Aga og siðanefnd SSÍ 2015-2017 skipa þau; Helga Sigurðardóttir, Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal og Jónas Tryggvason (fulltrúi Stjórnar).

Nefndin fékk til umfjöllunar tvö mál 2015 og tvö mál 2016. Öll þessi mál fengu faglega umræðu og niðurstöðu sem komið var bréflaga á framfæri til viðkomandi og til stjórnar SSÍ. Eitt mál kom upp 2017 sem er enn í meðförum nefndarinnar.

Einnig voru fulltrúar nefndarinnar kallaðir til þegar viðkvæm mál voru rædd beint við sundfólk og aðstandendur.

Fræðslunefnd SSÍ 2015-2017

Mikil þörf hefur verið á því að mennta nýja þjálfara til að uppfylla þær þarfir sem félögin hafa á endurnýjun í þessari starfstétt. Farið var í þá vinnu að endurskipuleggja hvað ætti að bjóða upp á af námskeiðum sem og hvað ætti að kenna.

Ákveðið var að fylgja stefnu ÍSÍ í þjálfaramenntun og eftir að hafa tekið ÍSÍ stigin í byrjun þá er hægt að hefja nám í sérgreinahluta SSÍ 1. og 2. stig. Ekki hefur verið boðið upp á 3.stig í þjálfaramenntun hér á landi í afar mörg ár og ætti slíkt nám að vera í boði á háskólastigi, líkt og KKI hefur nú nýverið samið við HR um.

Unnið var að því að greina hversu margir starfandi þjálfarar hafa lokið menntunarstigum ÍSÍ og SSÍ til að meta hver þörfin væri. Var það gert með spurningalista sem lagður var fyrir starfandi þjálfara. Einnig var haft samband við nánast öll félög á landinu til að kanna hver staðan væri í þjálfaramenntun þeirra sem væru að koma nýjir inn í þjálfun. Þörfin eftir þessar kannarnir sýndi eindregið fram á að 1.stig væri eitthvað sem mikil þörf væri á að halda. Tvö námskeið voru haldin á haustmánuðum fyrir 1.stigið og ákveðið hefur verið að halda eitt námskeið á vordögum 2017. Fræðslunefnd ákvað svo að halda 2.stig námskeið að hausti 2017.

Eftir gerð kannana og fyrirspurna var farið í það að meta alla starfandi þjálfara inn í ÍSÍ stigin sem og SSÍ stigin og er sú vinna á lokastigum. Næsta skref er að gefa út þjálfaraskírteini þar sem ÍSÍ og SSÍ staðfesta menntunarstig hvers starfandi þjálfara fyrir sig og mun halda utan um skráningu þeirra réttinda. Nýjir þjálfarar munu svo einnig fá útgefn skírteini er þeir ljúka námskeiðum á vegum SSÍ og ÍSÍ í framtíðinni.

Heimsóknir hafa verið þónokkrar á árinu 2016 og það sem af er 2017. Það er búið að heimsækja Höfn í Hornafirði, Egilsstaði, Sauðárkrók, Húsavík, Dalvík og Siglufjörð. Á þessu ári á eftir að heimsækja Ísafjörð, Stykkishólm og Eskifjörð. Einnig þarf að fylgja eftir heimsóknnum okkar til Húsavíkur og Sauðárkróks. Jacky Pellerin hefur verið afar duglegur að koma með í þessar ferðir og einnig hefur Hrafnhildur Lúthersdóttir verið áhugasöm um að koma í þessar heimsóknir. Fyrirhugað er að Hrafnhildur komi með í tvær ferðir fram að HM50 í sumar.

MÓTA- OG TÆKNINEFND SSÍ 2015-2017

Nefndin hittist ekki á formlegum fundum en vann saman á sundmótum ásamt öðrum þeim sem vinna í tækniherbergi á sundmótum. Mikið álag var á því fólki í kringum Smáþjóðaleika og vert að þakka þeim sem þar komu að sérstaklega fyrir vel unnin störf. Framundan er að læra á nýjan skjá í Laugardalslaug.

DÓMARANEFND SSÍ 2015-2017

Nefndin hefur haldið fundi einu sinni í mánuði 11 mánuði ársins bæði árin. Nýr listi yfir dómara er uppfærður reglulega og hefur formaður umsjón með því. Þar eru einnig teknir saman punktar dómara og mjög mikilvægt að upplýsingar um hverjir starfa á sundmótum berist til nefndarinnar. Sigurður Óli og Jón hafa séð um að raða dómurum til starfa á SSÍ og alþjóðleg mót hér á Íslandi.

Breytingar á sundreglum FINA tóku gildi áramótin 2014/15. Nefndin hefur þýtt þær á íslensku og sent á alla dómara. Útbúið var nýtt yfirlit um ógildingar sem notað er á sundmótum.

Dómaranámskeið fyrir almenna dómara voru 5 á starfstímanum. Leiðbeinendur á þeim voru Ólafur Baldursson, Björn Valdimarsson, Viktoría Gísladóttir, Sigurþór Sævarsson og Jón Hjaltason.

Eitt yfirdómaranámskeið var haldið árið 2015. Leiðbeinendur voru Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason. Námskeiðið hófst 26. febrúar í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal. Verklept nám var allt árið fram að ÍM25 í Hafnarfirði í nóvember þar sem 6 nýir yfirdómarar voru útskrifaðir.

19. mars í Laugardalslaug, Reykjavík. Verklept á Actavis International SH í Ásvallalaug.

Leiðbeinendur voru Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason.

Almenn dómaramámskeið 2015.

6. maí í Reykjanesbæ. Verklegt á Landsbankamóti ÍRB í Vatnaveröld. Leiðbeinendur voru Jón Hjaltason og Sigurþór Sævarsson.

16. september á Akureyri. Verklegt á sprengimóti Óðins. Leiðbeinandi var Ólafur Baldursson.

3. október á Egilsstöðum. Leiðbeinandi var Ólafur Baldursson.

22. október í Ásvallalaug, Hafnarfirði. Verklegt á Extramóti SH. Leiðbeinendur voru Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason.

Almenn dómaramámskeið 2016.

24. febrúar í Laugardalslaug, Reykjavík. Verklegt á vormóti Fjölnis. Leiðbeinendur voru Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason.

6. maí í Reykjanesbæ. Verklegt á Landsbankamóti ÍRB í Vatnaveröld. Leiðbeinendur Jón Hjaltason, Hilmar Örn Jónasson og Sigurþór Sævarsson.

19. maí í Kópavogi. Verklegt á vormóti Breiðabliks í Kópavogslaug. Leiðbeinendur Sigurður Óli Guðmundsson og Viktoría Gísladóttir.

Nefndin hefur talið best að sömu leiðbeinendur kenni á dómaramámskeiðum til að gæta samræmis á námskeiðum. Dómarar sem hafa lokið almennu námskeiði skila sér ekki allir til starfa, en mikill meirihluti þeirra gerir það og eru þeir yfirleitt mjög duglegir að gefa kost á sér til dómgæslu til að byrja með. Þó má hugleiða hvað sé hægt að gera til að dómarar skili sér betur á sundmót.

Endurmenntun:

Viktoría Gísladóttir hélt kynningu í kjölfar 3rd LEN Swimming Officials Seminar sem hún tók þátt í, á Kýpur 30. október – 1. nóvember 2015. Kynninguna var hún með á ÍM25 2015. FINA Development Program hélt FINA Swimming School for Officials 9. og 10. apríl 2016 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og í Laugardalslaug. Sigurður Óli Guðmundsson hafði veg og vanda af skipulagningu þessa skóla og sá um skráningu þátttakenda. Leiðbeinendur voru Bill Hogan (CAN) frá Swimming Canada og José de Jesús (PUR) frá tækninefnd FINA.

Alþjóðlegir dómarar:

Frá ársbyrjun 2015 eru níu íslenskir sunddómarar á lista yfir alþjóðlega dómara og ræsa.

FINA listi #17 gildir frá 01.01.2013. til 31.12.2016.

FINA listi #18 gildir frá 01.01.2015. til 31.12.2018.

Opnað var fyrir umsóknir á FINA listu #19 í lok febrúar, sá listi gildir frá 01.01.2017. til 31.12.2020. Umsóknarfrestur til SSÍ er til 20. júní og til FINA 30. júní 2016.

Alþjóðlegir íslenskir dómarar á listum FINA

Björn Valdimarsson, ÍFR/Fjölni á FINA listu #17.

Haraldur Hreggviðsson, ÍRB á FINA listu #17.

Jón Hjaltason, KR á FINA listu #18.

Sigurður Óli Guðmundsson, SH á FINA listu #18.

Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Fjölni á FINA listu #17.

Alþjóðlegir íslenskir ræsar á listum FINA

Ásmundur Jónsson, Fjörður/SH á FINA listu #18.

Jón Kr. Magnússon, ÍRB á FINA listu #17.

Sarah Buckley, Fjölni á FINA listu #17.

Sigurþór Sævarsson, ÍRB á FINA listu #18.

Meistara- og stórmót innanlands.

Vegna þess að í fyrra yfirliti dómaramenndar voru mót ekki talin upp verður upptalning móta frá áramótum 2014 – 2015.

2015:

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 16. – 18. janúar.

Erlendur yfirdómari var Andrea Thielenhaus frá Þýskalandi.

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík 13. – 15. febrúar.

Actavis International SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 21. og 22. mars.

ÍM50 í Laugardalslaug, Reykjavík 10. – 12. apríl 2015.

IMOC í Vestmannaeyjum 24. og 25. apríl 2015.

Smáþjóðaleikar (GSSE) í Laugardalslaug, Reykjavík 2. – 5. júní.

Erlendur gestadómari var Christiane Back-Urbany frá Luxemburg.

AMÍ á Akureyri 25. – 29. júní.

ÍM í víðavatnssundi í Reykjavík 29. júlí.

ÍM25 í Ásvallalaug, Hafnarfirði 13. – 15. nóvember.

Bikarkeppni í Laugardalslaug, Reykjavík 20. og 21. nóvember.

2016:

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 22. – 24. janúar.

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík 12. – 14. febrúar.

Actavis International SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 2. og 3. apríl.

ÍM50 í Laugardalslaug, Reykjavík 22. – 24. apríl.

IMOC í Ásvallalaug, Hafnarfirði 29. og 30. apríl.

AMÍ á Akranesi 23. – 26. júní.

Að þessum sundmótum unnu íslenskir dómarar og aðrir sjálfboðaliðar.

Verkefni erlendis:

1st European Games í Baku í Azerbaijan, 25. – 27. júní 2015, Sigurður Óli Guðmundsson.

EM25Netanya í Ísrael, desember 2015, Jón Hjaltason.

EM50 London í Englandi maí 2016, Björn Valdimarsson og Haraldur Hreggviðsson.

EM50 Masters, London í Englandi maí 2016, Gunnar Eiríksson og Sigurður Óli Guðmundsson.

LANDSLIÐSNEFND SSÍ 2015-2017

Landsliðsnefnd 2015-2016

Landsliðsnefnd var þannig skipuð að formaður var Magnús Tryggvason, Ingibjörg Arnardóttir var fulltrúi stjórnar SSÍ, meðstjórnendur voru Eðvarð Þór Eðvarðsson og Ingi Þór Ágústsson og Jacky Pellerin landsliðsþjálfari starfaði að sjálfsögðu náið með nefndinni.

Landsliðsnefnd hefur lagt mikla áherslu á vönduð vinnubrögð og skýra stefnu varðandi lágmörk og annað sem tengist verkefnum nefndarinnar.

Sundsambandið gaf út í upphafi hvers keppnistímabils bækling sem kallast „SSÍ lágmörk og viðmið“. Þar er farið yfir verkefni komandi tímabils og útskýrð lágmörk og skilgreiningar á þáttöku, lágmarkatímabil ofl. Hefur þetta mælst mjög vel fyrir.

Nefndarmenn telja gríðarlega mikilvægt að Sundsambandið setji markið hátt og við teljum að með tiltölulega ströngum lágmerkum aukum við gæði og getu sundfólksins.

Samvinna nefndarmanna við Jacky Pellerin hefur verið góð og árangursrík. Jacky hefur séð um að vinna tillögur að lágmerkum og ýmsum undirbúingi fyrir stórmót s.s. æfingabúðir o.fl.

Árangur íslensks sundfólks hefur verið betri þessi tvö ár en nokkru sinni fyrr. Þar hafa farið fremst í flokki Hrafnhildur Lúthersdóttir, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Anton Sveinn Mckee.

Árið 2015

Segja má að sveiflan hafi byrjað á HM-50 í Kazan sumarið 2015 þar sem Hrafnhildur Lúthersdóttir komst tvisvar í úrslit og náði 6. sæti í 50 metra og 100 metra bringusundi, Eygló varð 8. í 200 metra baksundi og Anton Sveinn komst í undanúrslit.

Eygló Ósk náði síðan 3. sæti í bæði 100 metra og 200 metra baksundi á EM-25 í Ísrael í desember 2015.

Í lok ársins var Eygló Ósk Gústafsdóttir síðan útnefnd Íþróttamaður ársins af Samtökum Íþróttafréttamanna.

Árið 2016

Hrafnhildur Lúthersdóttir setti 3 Íslandsmet í löngu brautinni og 5 í þeirri stuttu.

Hún komst þrisvar sinnum í undanúrslit í einstaklingsgreinum á Evrópumeistaramótinu í London EM50, synti sig jafnoft inn í úrslitariðla og uppskar verðlaun í öllum þrem greinunum, 2 silfur og 1 brons.

Hún fylgdi góðum árangri á EM50 eftir á Ólympíuleikunum þar sem hún fór í tvígang inn í milliriðla og í úrslit í 100 metra bringusundi þar sem hún endaði í 6. sæti. Þess má geta að Hrafnhildur er fyrsta íslenska sundkonan til að tryggja sér sæti í úrslitariðli á Ólympíuleikum. Nú í desember tók hún svo þátt í HM25 sem fram fór í Kanada. Hún náði þar í þrígang inn í milliriðla og sett 5 Íslandsmet eins og áður er tæpt á.

Eygló Ósk Gústafsdóttir komst tvisvar í úrslit á EM50 og varð 6. í 100m. og 200m. baksundi.

Eygló Ósk komst í úrslit í 200 metra baksundi á Ólympíuleikunum og varð í 8. sæti. Í 200 metra baksundi varð Eygló Ósk síðan í 14. sæti.

Anton Sveinn Mckee synti sig inn í undanúrslita- og úrslitariðla á EM50 og varð áttundi í 200 metra bringusundi og síðan sjöundi í 100 metra bringusundi. Hann varð átjándi í 200 metra bringusundi og þrítugasti og fimmti í 100 metra bringusundi á ÓL.

Boðsundsveit Íslands í 4x100 metra fjórsundi.

Boðsundssveitin okkar stendur vel að vígi fyrir komandi ár og bindum við miklar vonir við sundkonurnar sem þar eiga möguleika á sæti.

Sveitin varð í sjötta sæti á EM50 og er sem stendur í 10. sæti á Evrópulista og í 16. sæti á heimslista. Sá árangur dugði þó ekki til að fá þáttökurétt á ÓL 2016.

Á árinu 2016 hafa Eygló Ósk Gústafsdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Bryndís Rún Hansen og Jóhanna Gerða Gústafsdóttir skipað sveitina.

Heilt yfir er þetta langbesti árangur sem Íslendingar hafa náð á stórmótum í sundi.

Önnur verkefni voru Smáþjóðaleikar 2015 þar sem íslenska liðið stóð sig með mikilli þryði.

Einnig EM25 2015 þangað fóru tveir keppendur og HM25 2016 þar sem 8 keppendur syntu og við vorum með bæði boðsundssveitir karla og kvenna í fyrsta sinn á stórmóti.

Einnig sendum við stór lið (um 20 manns) á NM í sundi bæði 2015 og 2016.

Ólympíuhátíð Æskunnar 2015 en þangað fóru tveir keppendur.

EMU2016 en þangað fóru tveir keppendur.

Við teljum að með ráðningu landsliðsþjálfara hafi komið ákveðin festa inn í starfið og vinnubrögð í sambandi við landsliðsverkefni verið mun markvissari. Í því sambandi má nefna vel heppnaðar æfingabúðir í Aracaju í Brasilíu fyrir Ólympíuleikana. Einnig hefur starf Unnar Sæðisar Jónsdóttur sem sjúkraþjálfara verið gríðarlega mikilvægt en hún tók þátt í öllum stærstu verkefnum tímabilsins.

Þessi tvö ásamt formanni landsliðsnefndar fóru saman á EM50 og Ólympíuleikana og gekk það samstarf framúrskarandi vel.

Ég tel að Sundsambandið geti byggt á þeim frábæra árangri sem náðst hefur síðustu tvö ár og mjög mikilvægt er að vanda þá vinnu.

Þeir sem tóku þátt í landsliðsverkefnum 2015 og 2016:

<p><u>Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015</u></p> <p>Alexander Jóhannesson KR Anton Sveinn McKee Ægir Ágúst Júlíusson ÍA Birkir Snær Helgason Ægir Daníel Hannes Pálsson Fjölnir Kolbeinn Hrafnkelsson SH Kristinn Þórarinsson Fjölnir Kristófer Sigurðsson ÍRB Sveinbjörn Pálmi Karlsson Breiðablik Viktor Máni Vilbergsson SH Þröstur Bjarnason SH Bryndís Rún Hansen Óðinn Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægir Hrafnhildur Lúthersdóttir SH Inga Elín Cryer Ægir Ingibjörg Kristín Jónsdóttir SH Jóhanna Gerða Gústafsdóttir Ægir Karen Mist Arngeirsdóttir ÍRB Sunneva Dögg Friðriksdóttir ÍRB Jacky Pellerin landsliðsþjálfari Klaus Jürgen-Ohk aðstoðarþjálfari Málfríður Sigurhansdóttir flokkstjóri Unnur Sæðis Jónsdóttir sjúkraþjálfari</p> <p><u>Ólympíuhátíð æskunnar í Tíblisi 2015</u></p> <p>Stefanía Sigurðardóttir ÍRB Ólafur Sigurðsson SH Ragnheiður Runólfssdóttir þjálfari</p> <p><u>Næm 2015</u></p> <p>Enginn íslenskur þátttakandi</p> <p><u>EM 25 í Ísrael 2015</u></p> <p>Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægir Inga Elín Cryer Ægir Jacky Pellerin landsliðsþjálfari Unnur Sæðis Jónsdóttir sjúkraþjálfari</p>	<p><u>HM50 Kazan Rússlandi 2015</u></p> <p>Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægir Hrafnhildur Lúthersdóttir SH Anton Sveinn McKee Ægir Jóhanna Gerða Gústafsdóttir Ægir Bryndís Rún Hansen Óðinn Jacky Pellerin landsliðsþjálfari Unnur Sæðis Jónsdóttir sjúkraþjálfari Hörður J. Oddfríðarson fararstjóri</p> <p><u>NM í Bergen Noregi 2015</u></p> <p>Alexander Jóhannesson KR Baldvin Sigmarsson ÍRB Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik Hafþór Jón Sigurðsson SH Kolbeinn Hrafnkelsson SH Kristinn Þórarinsson Fjölnir Kristján Gylfi Þórisson Ægir Ólafur Sigurðsson SH Predrag Milos SH Ómar Ómarsson Bergensvömmene Bryndís Bolladóttir Óðinn Eydís Ósk Kolbeinsdóttir ÍRB Karen Mist Arngeirsdóttir ÍRB Katarína Róbertsdóttir SH María Fanney Kristjánsdóttir SH Stefanía Sigurþórsdóttir ÍRB Steingerður Hauksdóttir Fjölnir Sunneva Dögg Friðriksdóttir ÍRB Snæfríður Sól Jórunnardóttir Hamar Klaus Jürgen Ohk þjálfari Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir þjálfari Ragnheiður Runólfssdóttir þjálfari</p>
---	---

EM50 í London 2016

Anton Sveinn Mckee Ægir
Bryndís Rún Hansen Óðinn
Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægir
Hrafnhildur Lúthersdóttir SH
Jóhanna Gerða Gústafsdóttir Ægir
Jacky Pellerin landsliðsþjálfari
Klaus Jürgen-Ohk aðstoðarþjálfari
Magnús Tryggvason fararstjóri
Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari

Ólympíuleikar í Brasilíu 2016

Anton Sveinn Mckee Ægir
Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægir
Hrafnhildur Lúthersdóttir SH
Jacky Pellerin landsliðsþjálfari
Klaus Jürgen-Ohk aðstoðarþjálfari
Magnús Tryggvason flokkstjóri
Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari

EMU í Hódmezővásárhely Ungverjalandi 2016

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir ÍRB
Sunneva Dögg Friðriksdóttir ÍRB
Þurý Einarsdóttir þjálfari
Bjarney Guðbjörnsdóttir fararstjóri

NÆM Tampere í Finnlandi 2016

Ásdís Eva Ómarsdóttir Bergensvömmerne
Brynjólfr Óli Karlsson Breiðablik
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir SH
Stefanía Sigurþórsdóttir ÍRB
Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir þjálfari
Emil Örn Harðarson fararstjóri

HM25 í Windsor Kanada 2016

Aron Örn Stefánsson SH
Bryndís Rún Hansen Óðinn
Davíð Hildiberg Aðalsteinnsson ÍRB
Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægir
Hrafnhildur Lúthersdóttir SH
Jóhanna Gerða Gústafsdóttir Ægir
Kristinn Þórarinnsson Fjölnir
Viktor Máni Vilbergsson SH
Jacky Pellerin landsliðsþjálfari
Hörður J. Oddfríðarson fararstjóri
Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari

NM í Kolding Danmörku 2016

Adele Alexandra Pálsson SH
Ágúst Júlíusson ÍA
Ásdís Eva Ómarsdóttir Bergensvömmerne
Bryndís Bolladóttir Breiðablik
Eydís Ósk Kolbeinsdóttir ÍRB
Hafþór Jón Sigurðsson SH
Inga Elín Cryer Ægir
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir SH
Jón Tumi Dagsson SH
Karen Mist Arngeirsdóttir ÍRB
Katarína Róbertsdóttir SH
María Fanney Kristjánsdóttir SH
Ólafur Sigurðsson SH
Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
Stefanía Sigurþórsdóttir ÍRB
Sunneva Dögg Robertson ÍRB
Tómas Magnússon KR
Viktor Forafonov Fjölnir
Ragnheiður Runólfssdóttir þjálfari
Steindór Gunnarsson þjálfari
Bjarney Guðbjörnsdóttir fararstjóri


2017-04, 4a, 4b. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar.

Hlín Ástþórsdóttir varaformaður hefur bókað reikninga SSÍ og lagði fram reikninga sambandsins í félagi við formann þar sem gjaldkeri SSÍ fór í leyfi á miðju tímabili af persónulegum ástæðum.


Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2015, með undirskrift sinni.

Reykjavík



Hörður J. Oddfríðarson
Formaður




Lóa Birna Birgisdóttir
Gjaldkeri

Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 höfum við yfirlit. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurliðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði




Erla Eiríksdóttir
FH. ER - ehf Endursk. og reikningsskil

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirlit ársreikning ársins 2015.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundsambands Íslands.

Reykjavík 06. september 2016



Júlíus V. Guðnason



Bjarney S. Snævarsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

	Skýr.	2015	2014
REKSTRARTEKJUR:			
Framlög og styrkir	1	38.009.218	32.703.453
Tekjur af mótum	2	357.110	854.536
Þjónustugjald SSÍ	3	9.079.694	8.965.250
Námskeið og aðrar tekjur	4	709.600	531.500
Rekstrartekjur alls:		48.155.622	43.054.739
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	5	14.790.636	11.494.000
Áhöld og tæki	6	1.688.089	941.477
Styrkir og undirbúningur landsliða	7	12.715.123	9.710.976
Mótakostnaður erlendis	8	9.769.127	8.707.261
Kostnaður v/mótahalds	9	3.601.181	2.505.229
Rekstur mannvirkja	10	531.116	294.372
Rekstur skrifstofu	11	3.983.571	3.319.667
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	628.748	430.162
Nefndakostnaður	13	1.371.396	632.018
Kostnaður v/námskeiða	14	259.908	195.092
Uppskeruhátið	15	521.096	627.564
Önnur gjöld	16	147.628	117.401
Rekstrargjöld alls:		50.007.619	38.975.219
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:		-1.851.997	4.079.520
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)			
Vaxtatekjur		162.338	188.816
Gengismunur		2.628	-58.674
Vaxtagjöld og verðbætur		25.943	99.106
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:		133.767	148.384
Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :		-1.718.230	4.227.904
Hagnaður fyrir önnur gjöld:		-1.718.230	4.227.904
Hagnaður ársins:		-1.718.230	4.227.904

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2015

Eignir:	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir:			
Viðskiptareikningur afreksmanna			
Viðskiptakröfur		3.988.866	9.662.094
Vörslubækur afreksmanna		1.398.088	1.805.425
Handbært fé		7.105.755	5.795.395
Veltufjármunir alls:		12.492.709	17.262.914
Eignir samtals:		12.492.709	17.262.914
Skuldir og eigið fé:	Skýr.	2015	2014
Eigið fé:			
Staða 1/1		9.944.566	5.716.662
Hagnaður (tap) ársins		-1.718.230	4.227.904
Óráðstafað eigið fé samtals 31/12:		8.226.336	9.944.566
Eigið fé samtals:		8.226.336	9.944.566
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur afreksmanna		-1.006.484	1.724.043
Aðrar skammtímaskuldir		5.272.857	5.594.305
Skammtímaskuldir alls:		4.266.373	7.318.348
Skuldir og eigið fé samtals:		12.492.709	17.262.914

Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2016, með undirskrift sinni.

Reykjavík



Hörður J. Oddfríðarson
Formaður




Ingibjörg Helga Arnardóttir
Framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 höfum við yfirfarið. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurliðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði




Fh. ER - ehf. Endursk. og reikningsskil

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning ársins 2016.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundsambands Íslands.

Reykjavík 21. mars 2017



Julius V. Guðnason



Bjarney S. Snævarsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2016

	Skýr.	2016	2015
REKSTRARTEKJUR:			
Framlög og styrkir	1	39.914.772	38.009.218
Tekjur af mótum	2	1.760.407	357.110
Þjónustugjald SSÍ	3	8.616.150	9.079.694
Námskeið og aðrar tekjur	4	1.126.629	709.600
Rekstrartekjur alls:		51.417.958	48.155.622
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	5	15.861.800	14.790.636
Áhöld og tæki	6	1.156.941	1.688.089
Styrkir og undirbúningur landsliða	7	5.966.839	12.715.123
Mótakostnaður erlendis	8	18.100.238	9.769.127
Kostnaður v/mótahalds	9	2.083.587	3.601.181
Rekstur mannvirkja	10	825.858	531.116
Rekstur skrifstofu	11	4.469.545	3.983.571
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	337.848	628.748
Nefndakostnaður	13	2.366.512	1.371.396
Kostnaður v/námskeiða	14	1.233.551	259.908
Uppskeruhátið	15	480.800	521.096
Önnur gjöld	16	271.905	147.628
Rekstrargjöld alls:		53.155.424	50.007.619
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:		-1.737.466	-1.851.997
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)			
Vaxtatekjur		185.588	162.338
Gengismunur		76.984	2.628
Vaxtagjöld og verðbætur		50.610	25.943
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:		57.994	133.767
Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :		-1.679.472	-1.718.230
Hagnaður fyrir önnur gjöld:		-1.679.472	-1.718.230
Hagnaður ársins:		-1.679.472	-1.718.230

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2016

Eignir:	Skýr.	2016	2015
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur		4.671.868	3.988.866
Vörslubækur afreksmanna			1.398.088
Handbært fé		6.495.492	7.105.755
Veltufjármunir alls:		11.167.360	12.492.709
Eignir samtals:		11.167.360	12.492.709
Skuldir og eigið fé:			
	Skýr.	2016	2015
Eigið fé:			
Staða 1/1		8.226.336	9.944.566
Hagnaður (tap) ársins		-1.679.472	-1.718.230
Óráðstafað eigið fé samtals 31/12:		6.546.864	8.226.336
Eigið fé samtals:		6.546.864	8.226.336
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur afreksmanna		350.439	-1.006.484
Aðrar skammtímaskuldir		4.270.057	5.272.857
Skammtímaskuldir alls:		4.620.496	4.266.373
Skuldir og eigið fé samtals:		11.167.360	12.492.709

Um ræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga

Þingforseti lýsti eftir athugasemdum og spurningum um skýrslu stjórnar og reikninga SSÍ.

Hrafnhildur Lúthersdóttir kvaddi sér hljóðs og spurði hvernig ætti að fá almenning til að verða félagsbundinn, hvernig formaður sæi þetta fyrir sér. Hún sagðist ekki hafa skilið hvað verið væri að tala um þegar væri talað um almenningssund.

Hún vildi einnig fá að vita hvern væri verið að sérhæfa til að sinna fjölmiðlun fyrir sambandið og svo spurði hún hvort ekki mætti nota lýsingarorð í hæsta stigi nema um væri að ræða met eða annað slíkt.

Þá spurði hún hvaða fé væri notað til að kaupa tæki til fjölmiðlunar.

Hún hafði áhyggjur af því að yngra sundfólk réði ekki við bein samskipti við SSÍ og þess vegna væri betra að þau væru í gegnum þjálfara.

Hún spurði hvaða fjármunir hefðu verið teknir ófrjálsri hendi af Íslandsbanka, eru það styrktarpeningar sundfólks sem hefðu þá liðið fyrir það?

Hún óskaði eftir ítarlegra yfirliti yfir reikninga SSÍ, þannig að þingfulltrúar gætu rakið hverjir hefðu fengið fé frá SSÍ og tók sem dæmi Uppskeruhátíð SSÍ.

Klaus Jürgen-Ohk óskaði eftir að taka til máls. Hann er óánægður með að reikningar SSÍ komi svona seint – séu bara lagðir fyrir á þingdegi. Finnst vanta skýringar. Það væri erfitt að undirbúa sig fyrir sundþing þegar gögn kæmu seint.

Magnús Tryggvason talaði næstur. Það sem honum finnst merkilegast við síðustu tvö starfsár er þessi frábæri árangur sem íslenskt sundfólk hefur náð. „Við erum í þeirri stöðu að eiga margt gott sundfólk á alþjóðamælikvarða, eitthvað sem við höfum ekki séð áður. Við þurfum að skoða hvers vegna við erum komin á þennan stað og hvernig við getum bætt okkur.“

Hann hafi verið fararstjóri á EM50 og á ÓL og sagði það hafa verið frábæra upplifun. Fjölmiðlunin hefði verið jákvæð og sundinu til framdráttar. Hann sagði það vera mikilvægt að allir ynnu saman og rérum í sömu átt. Sundið ætti erfiðara en mörg önnur sambönd að ná í styrktarfé, en það sem ynni mest með okkur væri samstaða og jákvæðni.

Aðalbjörg Óladóttir spurði um vörslubækur afreksfólks sem stæðu á 0 2016.

Karl Georg Klein spurði hvers vegna RIG væri inni sem SSÍ mót og þá hvort það ætti ekki að vera gjaldfrítt fyrir félögin.

Formaður SSÍ svaraði því sem fram var komið og sagði það vera verkefnið framundan að finna út úr því hvernig ætti að ná almenningi inn í félögin. Hann benti á eina hugmynd sem gengi út á það að þeir sem keyptu árskort í sundlaugar yrðu sjálfkrafa félagar í því félagi sem væri starfandi á svæðinu og á móti leggði félagið til einhvers konar þjónustu, eins og til að mynda tilsögn á bakka á ákveðnum tímum og þess háttar. Til þess að þessi hugmynd gæti orðið að veruleika þyrfti að ná samkomulagi við viðkomandi sveitarfélög. Önnur hugmynd væri í anda almenningsverkefna ÍSÍ t.d. Hjólað í vinnuna o.fl. og spurning hvort félögin og sambandið gætu unnið saman í einhverskonar almenningsverkefnum. Það er mjög mikilvægt fyrir hreyfinguna að fá fólk inn í félögin, hvort sem það eru styrktarfélagar eða annað.

SSÍ mun byrja á því að fá núverandi starfsmann, Emil Örn, til að leiða fjölmiðlaverkefnið en það er verkefni nýrrar stjórnar að leiða það til lykta. Við höfum

notað það fjármagn sem tilheyrir rekstri skrifstofu til að fjármagna tækjakaupin. Ekki hefur verið tekið af styrktarfé sundfólks í það.

Hörður sagði að hann hefði aðeins verið að segja frá ábendingum sem hann hefði fengið um notkun lýsingarorða í efsta stigi. Ábendingin hefði helst verið sú að fara varlega með lýsingarorðin.

Hvað varðar samskipti við sundfólk sagðist hann hafa átt við sértækar upplýsingar fyrir einstaklinga í landsliðsverkefnum, upplýsingar sem hafa ekki náð til þeirra sem áttu að fá vegna þess að þær stoppuðu hjá þjálfara.

Það fé sem Íslandsbanki hafði af SSÍ voru fjármunir sem höfðu verið lagðir inn á reikning SSÍ í kjölfar styrktarsamnings Íslandsbanka við SSÍ. Þau fóru tvö saman, formaður og þáverandi framkvæmdarstjóri á fimmtudegi til að gera þennan samning sem átti að gilda í fjögur ár, féð var lagt inn í kjölfar á þessum samningi. Á miðvikudegi í vikunni á eftir var stjórn SSÍ á fundi og þá fékk framkvæmdastjórinn símtal frá bankanum þar sem henni var sagt að féð hefði verið tekið út af reikningi okkar og á fimmtudeginum féll bankinn. Ástæðan fyrir því að ekki hafi verið farið í aðgerðir var einfaldlega sú að SSÍ hafði ekki efni á að leggja út fyrir lögfræðikostnaðinum. Þetta voru ekki fjármunir sem voru teknir af einum eða neinum, en þeir voru samt ætlaðir í afreksstarfið.

Það er almenn venja að leggja fram reikninga sambærilegra samtaka og SSÍ á þingdegi. Það var búið að kynna reikninga ársins 2015 á formannafundi, en staðreyndin væri einfaldlega sú að ekki hefði tekist að fá endurskoðun reikninga lokið fyrr en í hádeginu á fyrsta þingdegi. Auðvitað hefði verið betra að hún hefði legið fyrir fyrr en svona væri þetta bara.

Hörður sagðist sammála Magnúsi um að starfið snerist fyrst og fremst um það hvernig við getum viðhaldið og bætt við þann árangur sem þegar hefði náðst.

Hvað varðar þátttökugjöld á RIG, þá snýst það um að þetta er samstarfsverkefni ÍBR, Sf Ægis og SSÍ. Það að SSÍ er með í þessu samstarfi er til að sundípróttin sé í takt við aðrar íþróttagreinar á þessari íþróttahátíð sem RIG er.

Hlín Ástþórsdóttir varaformaður SSÍ svaraði spurningum um reikninga.

Hún svaraði spurningunni um uppskeruhátíð og sagði að þetta væri kostnaður við matinn og á móti kæmu tekjur sem sæjust annars staðar í reikningunum.

Athugasemd kom úr sal um að það vantaði skýringar með reikningunum í þinggögnin.

Skýringarnar eiga að vera með og verða settar í þinggögnin nú þegar.

Hlín heldur áfram.

Hvað varðar vörslubækur afreksfólks, þá hefði orðið breyting á því árið 2016 hvernig styrktartekjur væru færðar. Fyrir þann tíma voru sérmerktir reikningar fyrir alla en 2016 þá hefði það breyst og sett á einn reikning í samræmi við ábendingar ÍSÍ.

Hrafnhildur tók til máls úr sæti og sagðist hafa tekið Uppskeruhátíð sem dæmi. Hún sagðist ekki skilja þau hugtök sem notuð væru.

Hlín svaraði því til að best væri að bíða eftir að skýringar við reikninga yrðu settar með þinggögnum, því þar væri hægt að lesa sér til.

Þingforseti áréttaði að hlutverk þingsins væri að staðfesta eða að hafna ársreikningunum eins og þeir liggja fyrir.

Reikningar SSÍ samþykktir samhljóða.

Tillögur sem liggja fyrir Sundþingi 2017:

Þingforseti gerði grein fyrir því að ekki væri gert ráð fyrir umræðum á þessu stigi þingsins og bað þingfulltrúa að geyma þær þar til í nefndastarfi og við afgreiðslu mála. Eftirfarandi mál voru lögð fyrir þingið og afgreidd áfram til nefnda. Þá áréttaði hann að allar umræður um tillögurnar færu fram í nefndunum.

Þingskjöl:		Flutt af:	Vísað til:
Þingskjal nr. 2017-06a, 06b, 06c, 06d	Fjárhagsáætlun	SSÍ/HJO	Fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 2017-07	Þjónustugjöld SSÍ	SSÍ/HJO	Fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 2017-0808a, 08b	Stefna og Afreksstefna SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2017-0909a, 09b	Mótadagskrá og atburðadagat	SSÍ/IK	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2017-1010a	Tillögur til lagabreytinga 12.grein + reglugerð	SSÍ/HJO	Laganefndar
Þingskjal nr. 2017-11	Tillögur til lagabreytinga 7.og 10.grein	SH/KGK	Laganefndar
Þingskjal nr. 2017-12	Tillaga um breytingar á Alm. ákv. SSÍ 8.og 21.grein	SH/KGK	Laganefndar
Þingskjal nr. 2017-13	Tillaga um breytingar á III. Kafla regulugerða SSÍ	SH/KGK	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2017-14	Tillaga um starfslok landsliðsþjálfara	SH/KGK	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2017-15	Handbók SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2017-16	Viðmið og lágmark SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar

Þingforseti áréttaði að allar breytingartillögur fari inn í nefndir en ekki á morgun þegar nefndir hafa lokið störfum sínum.

Kl. 18:00 frestaði þingforseti formlegum þingstörfum til kl. 10:00 að morgni laugardags. Nefndir starfa á föstudagskvöldi og á laugardagsmorgni til 10:00.

Laugardagur 25. mars 2017

Niðurstöður nefndastarfa/Atkvæðagreiðslur

Samþykktir þingsins eru birtar í heild aftast í þinggerðinni undir númerum þingskjala.

Tillögur Fjárhagsnefndar:

Fyrir hönd Fjárhagsnefndar mælti **Hlín Ástþórsdóttir**

Þingskjal 2017-07 um þjónustugjöld

Niðurstaða fjárhagsnefndar var að leggja tillöguna fyrir til afgreiðslu óbreytta.

Þingskjalið samþykkt samhljóða

Þingskjöl 2017-06a, b, c, d Fjárhagsáætlun SSÍ og landsliða SSÍ 2017 og 2018

Niðurstaða fjárhagsnefndar var að leggja tillögurnar fyrir til afgreiðslu óbreytta.

Þingskjölin borin upp í einu lagi og þau samþykkt samhljóða

Tillögur Laganefndar:

Fyrir hönd Laganefndar mælti **Jón Hjaltason**

Þingskjal nr. 2017-10 Tillaga til lagabreytinga

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Í fyrstu málsgrein verði fyrirvari til að bjóða sig fram til stjórnar SSÍ stytur úr 4 vikum í 2 vikur.
- 2) Í síðustu málsgrein um Íþróttamannanefndina er gerð breyting, þannig að í stað þess að nefndin eigi seturétt á stjórnarfundun SSÍ undir fyrsta lið hvers fundar, þá sitji stjórnarmaður í nefndinni.
- 3) Fleiri breytingar eru ekki lagðar til og nefndin leggur því til að þingskjalið verði samþykkt svo breytt.

Ekki koma aðrar tillögur fram

Þingskjalið samþykkt samhljóða, svo breytt

Þingskjal nr. 2017-10a Tillaga um reglugerð um kosningu í íþróttamannanefnd

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin gerir tillögu um breytingu á þriðju grein reglugerðarinnar, þannig að sundfólk þurfi að kjósa 5 einstaklinga í nefndina, hvorki fleiri né færri.
- 2) Í grein 6 er lagt til að nefndin yrði jafninganefnd þannig að nefndin skipti ekki með sér verkum.
- 3) Í samræmi við breytingar í þingskjali 10 þá fellur 7.grein niður og 8.grein verður að 7.grein.

Ekki koma fram aðrar tillögur

Þingskjalið samþykkt samhljóða, svo breytt

Þingskjal nr. 2017-11 Tillaga um breytingu á 7. og 10.greinum laga SSÍ

Nefndin komst ekki að niðurstöðu og vísar tillögunum óbreyttum til afgreiðslu Sundþings. Formaður laganefndar gerir grein fyrir að lagabreytingar taka ekki gildi fyrr en að loknu sundþingi.

Magnús Tryggvason gerir tillögu um að tillögunni verði vísað frá.

Frávísunartillagan var borin upp og felld.

Þingskjalið samþykkt með þorra atkvæða

Pingskjal nr. 2017-12 Tillaga um breytingu á Almennum ákvæðum SSÍ 8. grein
Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin gerir tillögu um orðalagsbreytingu en tekur fram að ekki sé um efnisbreytingu að ræða.

Pingskjalið samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 2017-12 Tillaga um breytingu á Almennum ákvæðum SSÍ 21. grein
Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar SSÍ til frekari útfærslu
- Tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða*

Tillögur Allsherjarnefndar:

Fyrir hönd Allsherjarnefndar mælti **Ingibjörg Kristinsdóttir**

Pingskjal 2017-08, 08a og 08b Stefna og Afreksstefna SSÍ

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin leggur til að stofnaður verði samráðshópur sem vinnur með stjórn SSÍ, þar sem starf íþróttafulltrúa verði betur skilgreint og verkefni útfærð. Stjórn mun síðan kynna breytingar á formannafundi ásamt viðeigandi breytingum á Afreksstefnu. Í samræmi við þetta væru Stefna og Afreksstefna SSÍ ekki staðfestar á þessu sundþingi.

Tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða

Athugið að þingheimur tók þessa niðurstöðu upp undir öðrum málum og samþykkti Stefnu og Afreksstefnu SSÍ að undanskildum texta um Íþróttafulltrúa SSÍ.

Pingskjal 2017-09 Tillaga að skilgreiningum á sundmótum

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin leggur til að unnið verði eftir einfaldaðri tillögu

Tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða

Pingskjal 2017-09a Lagt fram atburðadagatal SSÍ til kynningar

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin fjallaði ekki um málið

Pingskjalið liggur fyrir til kynningar

Pingskjal 2017-09b Tillaga að breyttri mótadagskrá AMÍ

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin komst ekki að einróma niðurstöðu og leggur hana til afgreiðslu þingsins óbreytta

Pingskjalið var samþykkt með 14 mótatkvæðum

Pingskjal 2017-13 Tillaga að breytingu á III. Kafla reglugerða SSÍ

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar og hún eigi að koma efni hennar í handbók SSÍ í samráði við íþróttamannanefnd SSÍ.

Tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða – vísað til stjórnar

Pingskjal 2017-14 Tillaga um að leggja niður stöðu landsliðsþjálfara

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin leggur til að stöðu landsliðsþjálfara verði breytt úr fastri stöðu en þess í stað verði ráðnir þjálfarar fyrir hvert verkefni fyrir sig.

Tillaga nefndarinnar samþykkt með 7 mótatkvæðum

Pingskjal 2017-15 og 15a Tillaga um handbók SSÍ

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt

Pingskjal samþykkt samhljóða

Pingskjal 2017-16 SSÍ viðmið og lágmörk lagt fram til kynningar

Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

- 1) Nefndin leit ekki svo á að þetta þingskjal væri til umfjöllunar í þeirra hópi

Pingskjalið liggur fyrir til kynningar

Önnur mál

Pingforseti óskaði þingheimi til hamingju með hvað hann „situr hratt“. Hann sagðist ekki hafa fyrr orðið vitni að slíkri vinnslu við afgreiðslu mála. Það væri ótrúlegt að sjá að dagskrá þingsins hefði lokið svo hratt.

Pingforseti lagði til dagskrártillögu um að 18.liður dagskrár, Önnur mál, væru færð fram fyrir 17.lið dagskrár, kosningar til stjórnar.

Tillagan samþykkt samhljóða

Í framhaldi af því gaf þingforseti orðið laust.

Hörður Oddfríðarson, formaður SSÍ kvaddi sér hljóðs og sagði að sér þætti vænt um þá eindrægni sem ríkti á þinginu við afgreiðslu mála. Eins og gengur þá væri eitthvað sem hann persónulega vildi hafa öðruvísi en stjórn, og þar með formaður SSÍ, færu að vilja hreyfingarinnar, vilja sem birtist m.a. á Sundþingi. Að hans viti hefði það tekist með ágætum fram til þessa og hann sæi ekki neinar vísbendingar um að það myndi breytast. Hlutverk stjórnar væri að gæta hagsmuna allra og gæta þess að ekki væri á neinn hallað. Hann spurði síðan formenn allsherjarnefndar þingsins hvort það væri réttur skilningur hjá sér að tillaga nefndarinnar á þingskjali 8 ætti eingöngu við um textann um íþróttafulltrúann.

Ingibjörg Kristinsdóttir svaraði og sagði svo ekki vera því að inni í Stefnu og Afreksstefnu SSÍ kæmi þessi texti um íþróttafulltrúann. Þar með sá nefndin sér ekki fært að samþykkja stefnuna, þar sem þessi starfslýsing kæmi fyrir. Þar af leiðandi erum við ekki að samþykkja stefnuna því þetta væri hluti af henni.

Hilmar Örn Jónasson taldi að það væri einfaldlega verið að biðja um frekari útlistun á þessu starfi, en ekki ýta allri stefnunni fyrir borð. Vildi að starf íþróttafulltrúa væri betur útfært.

Hörður áréttaði að það væri þá réttur skilningur hjá sér að það væri Stefna og Afreksstefna SSÍ í gildi mínus þessi texti um íþróttafulltrúann. Hann sagði að SSÍ væri í töluverðum vandræðum ef þingi lyki án þess að staðfest Stefna og Afrekstefna væru til staðar.

Ingibjörg Kristinsdóttir sagði að þar sem þetta væri þarna inni þá hefði ekki verið fært að staðfesta stefnurnar.

Hörður ítrekaði þá spurningu sína um hvort Stefna og Afreksstefna SSÍ væri í gildi.

Ingibjörg Kristinsdóttir tók til við útskýringar. Inni í Afreksstefnunni er starfslýsing á íþróttafulltrúa SSÍ og nefndin tók ákvörðun um að vísa stefnunni allri til stjórnar.

Ásgeir Ásgeirsson vildi bæta við að eins og stefnan væri sett fram í skjalinu, þá væri þetta hvorutveggja föst stefna og að einhverju leyti útfærsla. Í stað þess að leggja fram stefnuna sér með einhverskonar markmiðum og síðan væri það stjórnar að útfæra hana.

Hörður ítrekaði að það væri SSÍ nauðsynlegt að hafa gilda Stefnu og Afreksstefnu, sem væri staðfest á þessu þingi. Við erum að fara inn í nýja tíma t.d. gagnvart Afreksjóði, á Íþróttþingi í maí verður samþykkt ný reglugerð fyrir sjóðinn og í þeim

reglum þarf sérsamband að vera með staðfesta Stefnu á þingi til að vera hæft til umsóknar í sjóðinn. Hann beindi þvínæst þeirri spurningu til þingforseta hvort það væri hægt að fella málsgreinar um Íþróttafulltrúa út úr Stefnu og Afreksstefnu SSÍ en að þær stæðu að öðru leyti.

Ingibjörg Ragnarsdóttir tók til máls og tók undir það sem Hörður hafði lagt til.

Þingforseti útskýrði að þingheimur réði afgreiðslu mála. Innan þeirra marka væri hægt að bera upp dagskrártillögu þá sem Hörður ýjaði að, um að taka upp kosningu um tillögu um Stefnu og Afreksstefnu SSÍ. Þingforseti bar upp dagskrártillögu um að taka upp umræðu um þingskjöl 2017-8, 8a og 8b.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Ingibjörg Kristinsdóttir tók til máls og lagði til fyrir hönd nefndarinnar og þingsins að starfslýsingin væri tekin úr texta stefnunnar og að því breyttu væru Stefna og Afreksstefna SSÍ staðfestar. Liður b) í Afreksstefnunni um íþróttafulltrúa SSÍ yrði þá felldur út.

Þingforseti bar upp tillöguna um að Liður b) í Afreksstefnunni um íþróttafulltrúa SSÍ yrði felldur út.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Þvínæst bar **þingforseti** upp tillögu um að Stefna og Afreksstefna í heild sinni svo breyttum væru staðfestar.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Predrag Milos tók til máls og gerði að umtalsefni hvatakerfi fyrir sundfólk sem útlistað væri í Lágmarkum og viðmiðum SSÍ. Hann sagðist oft hafa skoðað þetta og sagði þetta kerfi gæti ekki gengið upp. Hann taldi að það þyrfti að endurhugsa þetta kerfi.

Aðalbjörg Óladóttir langaði að benda á setningu í hvatakerfi fyrir sundfólk, þar sem segir að ef notaður væri sérmerktur styrkur úr Afreksjóði væri ekki um endurgreiðslu að ræða. Hún spurði hvort við ættum að gera ráð fyrir að einhver sem ekki væri á styrk, næði gulli á HM.

Finnbjörn Aðalheiðarson talaði um Lífsbjörg. Hann minnti á mikilvægi þess að félög sendu þjálfara sína á námskeið og taldi sig vita að víða væri pottur brotinn. Hann hvatti félögin til að bæta úr því. Nú væri til nefnd innan SSÍ, sem hann og Hafþór Guðmundsson sætu í og ynni að þessum málum til framtíðar, í samstarfi við Umhverfisstofnun. Sundhreyfingin þyrfti að vera leiðandi í öryggismálum og hvatti þau félög þar sem þjálfarar væru ekki með sundlaugavarðapróf til að bæta úr því. SSÍ hefði boðið upp á þessi námskeið frítt og taldi að allir starfsmenn sundfélaga ættu að geta fengið réttindin.

Ingibjörg Kristinsdóttir fagnaði innleggi Finnbjarnar og taldi að þetta námskeið ætti að samræma þjálfaramenntun. Sundþjálfarar væru skyldaðir til að hafa þessi réttindi með því að setja þetta inn í menntun þjálfara.

Ingibjörg Ragnarsdóttir er mjög ánægð með umræðu um öryggismál, sagðist ósjaldan hafa unnið sem hjúkrunarfræðingur á sundmótum og það væri mikilvægt að fleiri en hún kynnu rétt viðbrögð í neyð og endurlífgun. Hún vildi benda á að í salnum væri ungur sundmaður sem hefði bjargað lífi sundlaugargests í Hafnarfirði og hvatti þingheim til að klappa fyrir Aroni Erni Stefánssyni (þingheimur klappaði hraustlega fyrir afreki Arons).

Hrafnhildur Lúthersdóttir tók undir með þeim sem töluðu um öryggismál á undan henni. Hún vildi opna á umræðu um fjölmiðla. Hún skoraði á stjórn SSÍ að vera með sérstakan fjölmiðlafulltrúa, bæði til þess að reglulegar upplýsingar um sundfólk Íslands í fremstu röð, birtust í fjölmiðlum, en ekki síður til að gera sundfólkinu betur kleift að einbeita sér að keppni á alþjóðlegum mótum. Henni fannst ekki á hreinu hvort það væri SSÍ eða sundfólksins að bera ábyrgð á samskiptum við fjölmiðla. Hún taldi ekki rétt að foreldrar væru að senda slíkar upplýsingar þar sem þeir hefðu mismunandi góð sambönd við fjölmiðla. Hún taldi nauðsynlegt að það væru settar fram jákvæðar upplýsingar með sterkum lýsingarorðum, þó sundfólkið væri ekki alltaf að vinna til verðlauna, það væri ýmislegt annað sem skipti máli, eins og persónuleg markmið sundfólksins. Hún tók dæmi um golf fréttir þar sem var verið að segja frá því að golfkona hefði unnið sér rétt til þátttöku á móti.

Aron Örn Stefánsson ítrekaði umræðuna um öryggismál í sundlaugum og endurlífgun. Honum finnst öryggi í að þjálfari sé alltaf tilbúinn á bakkanum ef eitthvað kæmi upp á. Hann sagði síðan frá því þegar hann tók þátt í að bjarga lífi manns í Ásvallalaug með endurlífgun og réttum viðbrögðum að öðru leyti. Hann sagði þetta ekki góða lífsreynslu en hann byggir að henni.

Magnús Tryggvason ræddi fjölmiðlamál. Hann sagði að SSÍ og landsliðsnefnd hefðu ákveðna vinnureglu þegar kæmi að mótum sem SSÍ tæki þátt í. Í fyrsta lagi væri send tilkynning til fjölmiðla um hverjir væru þátttakendur og þær væntingar sem uppi væru. Þar væru kynntir tengiliðir og lögð á það áhersla að samskipti við sundfólkið á meðan á móti stæði, færi í gegnum tengiliðina. Ef fjölmiðlafólk væri að hringja í einkanúmer sundfólks meðan á móti stæði, þá væri það ekki að undirlagi SSÍ á nokkurn hátt, fjölmiðlar fá ekki númer sundfólksins hjá SSÍ. Hann sagði síðan að við ættum mjög auðvelt með að koma sundi í fjölmiðla. Það snerist eingöngu um tvennt; annars vegar að afrek væru unnin og hins vega að því væri komið til skila á skiljanlegan hátt til fjölmiðla. Vinnureglan væri sú að skrifa skilaboð til fjölmiðla, þannig að þeir gætu afritað og birt skilaboðin óbreytt. Þegar SSÍ tæki þátt í alþjóðlegum mótum með landsliðsfólki sínu, þá væri það ljóst að það er á ábyrgð SSÍ að koma upplýsingum til skila til fjölmiðla en þegar sundfólk sem er í landsliðum er að keppa í mótum á vegum sinna félaga, eða jafnvel í skólamótum erlendis, þá væri ábyrgðin félaganna að koma upplýsingum til fjölmiðla. Hann benti á að við hefðum fengið góða fjölmiðlun í tengslum við afrek sundfólksins undanfarin 2 ár en við gætum ekki á nokkurn hátt stjórnað því hvort og þá hvernig fjölmiðlar fjalla um aðrar íþróttagreinar. Hann fagnaði umjöllun fjölmiðla um íþróttir almennt. Hann benti í lokin á að það hefði gengið misjafnlega fyrir SSÍ að fá upplýsingar um sundfólkið sem væri við æfingar erlendis.

Sigmar Björnsson velti upp tvennu. Spurði hvort það væri ekki möguleiki að leyfa sundfólki að keppa á alþjóðlegum mótum ef mótshaldari væri ekki með lágmark og sleppa lágmarkum SSÍ ef um væri að ræða aðra grein. Það er líka eðlilegt að keppandi fái að taka frekari þátt ef hann greiðir hluta kostnaðar úr eigin vasa. Hann spurði líka

hvers vegna ekki væri keypt forfallatrygging því sundfólkið þyrfti að borga ef eitthvað kæmi upp á.

Hrafnhildur Lúthersdóttir kom upp og ræddi frekar um fjölmiðla og fjölmiðla. Hún spurði hvar mörkin milli afreka og ekki afreka lægi. Hún spurði hvort það væri ekki hlutverk SSÍ að vita hvað sundfólkið er að gera. Hún sagði að við værum með mikla umfjöllun en efaðist um að hún væri alltaf frábær. Hún vildi miklu frekar fá minni umfjöllun ef umfjöllunin væri frábær.

Finnbjörn Aðalheiðarson ræddi skilgreiningu afreka. Hann sagði að sunnið fengi töluverða umfjöllun sem byggðist á árangri sundfólksins. Hann sagði sig sammála Magnúsi Tryggvasyni um á hverra ábyrgð væri að koma upplýsingum til SSÍ og fjölmiðla. Hann ræddi einnig athygli sem neikvæðar fréttir fá. Ræddi síðan afleiðingar af frétttaflutningi frá HM25 í Kanada sl. desember. Sagði okkur þurfa að vanda okkur í samskiptum við íþróttafréttamenn.

Ingibjörg Ragnarsdóttir ræddi einnig afleiðingar frétttaflutnings frá HM25. Hún benti á að aðrar íþróttgreinar en boltaíþróttir eigi erfitt uppdráttar á mörgum fjölmiðlum. Hún taldi nauðsynlegt að selja árangur jafnt og þétt yfir árið. Hún taldi að starfsfólk SSÍ gæti alveg fylgt eftir sundfólki í námi erlendis. Hún taldi að við þyrftum að byggja upp ímynd fyrir yngra sundfólk, að það hefði eitthvað til að stefna á. Við eigum að skilgreina afrek því við vitum hvað afrek eru, almenningur út í bæ hefur ekki hugmynd um það.

Ingibjörg Kristinsdóttir spurði afhverju við þyrftum að vanda okkur í samskiptum við íþróttafréttamenn. Hún ræddi síðan aðdraganda og eftirmála fjölmiðlaumfjöllunar frá HM25 í Kanada. Hún taldi mjög mikilvægt að sundfólk hefði tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og hefðu sínar skoðanir.

Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ byrjaði á því að taka undir með Predrag og sagði töfluna eins og hún birtist vera alveg út í hött enda hefði hún verið sett saman miðað við aðrar forsendur en við byggjum við í dag, þannig að hún er úrelt. Stjórn SSÍ þarf að hugsa þetta hvatakerfi fyrir sundfólk í alþjóðlegum verkefnum upp á nýtt. Hann tók einnig undir með Finnbirni um nauðsyn þess að þjálfarar væru undantekningalaust með laugavardapróf upp á vasann. Elsta sundfólkið ætti einnig fá boð um að taka þessi próf. Hann ræddi um fjölmiðla og samstarf við íþróttafréttafólk. Sagði að mismunandi áherslur væru á hverjum fjölmiðli fyrir sig og þar réði fjármagn. Umfjöllun um sund hefði aukist mjög mikið á undanförunum árum. Hreyfingin þyrfti öll að vera á tánum og koma réttum upplýsingum tímabært til fjölmiðla. Aðstaða íþróttafréttamanna væri einnig mismunandi milli fjölmiðla. Hann ræddi frétttaflutning af HM25 í Kanada og benti á að við sig væri að sakast, hann hefði sent fréttir til fjölmiðla og fylgt þeim eftir og sagði að ýmislegt hefði mátt fara betur í því verkefni. Hann ítrekaði fyrri afsökunarbeiðni til sundfólksins á því að hafa ekki unnið þetta á annan hátt. Hann sagði það ljóst að hér eftir myndi fararstjóri í keppnisverkefni ekki sinna fjölmiðlaverkefnum á sama tíma. Hann sagði að starfsfólk SSÍ hefði lagt sig í líma um að fylgjast með sundfólkinu sem væri í námi erlendis, fyrst og fremst til þess að upplýsa landsliðsnefnd um stöðu mála hverju sinni. Það að koma upplýsingum til SSÍ, hvort sem eigi að nota þær til fjölmiðlunar eða í annað, væri samvinnuverkefni sundfólksins, þjálfara þeirra, félaga þeirra og SSÍ. Það væri mjög mikilvægt að þetta væri ekki sett upp sem einstefnusamband SSÍ við sundfólk.

Hann benti á að við ættum virka og góða hópa í öðrum sundíþróttum, eins og til dæmis garpasundi, sundknattleik og víðavatnssundi. Hann taldi að það þyrfti að hlúa vel að þessum greinum því eftir því sem fleiri einstaklingar kæmu ofan í laugina, þeim mun fleiri einstaklingar entust í sundi.

Hrafnhildur Lúthersdóttir ræddi HM25 og aðdraganda þess. Hún ítrekaði mikilvægi þess að vera með fjölmiðlafulltrúa. Hún benti einnig á að þyrfti að vera einstaklingur sem gæti leiðbeint sundfólkinu í samskiptum við fjölmiðla.

Hjördís Guðný Guðmundsdóttir ræddi fjölmiðlamál. Tók undir með Hrafnhildi um fjölmiðlafulltrúa og það þyrfti að vera til ferill sem hægt væri að fylgja. Hún taldi alla umfjöllun góða.

Aðalbjörg Óladóttir ræddi grunnskólamót SSÍ og spurði hvort hægt væri að leyfa fámennari skólum að setja saman sveitir þannig að sundfólkið gæti synt upp fyrir sig í aldri.

Ingibjörg Kristinsdóttir tók upp þráðinn um skólamót í sundi og sagði frá hvernig grunnskólakeppnin þróaðist undir handleiðslu framkvæmdastjóra SSÍ. Hún sagði frá því að það hefðu verið gerðar undantekningar fyrir skóla, það væri leyst á hverjum tíma.

Trausti Gylfason lýsti ánægju sinni með sundfólkið sem sat þingið að þessu sinni. Sagði þingið vera gott og hrósaði þingforsetunum fyrir góða stjórn á þinginu. Ræddi mikilvægi laugarvarðaprófsins fyrir þjálfara. Hann ræddi um aðstöðumun sundfélaga, nú væri þannig komið að enn væri frestað að byggja sundlaug á Akranesi. Innilaugar virtust skipta sköpum fyrir sundfólk sem ætlaði sér að ná árangri.

Magnús Tryggvason benti á árangur sundfólksins undanfarin ár. Hann þakkaði sundfólkinu, landsliðsþjálfara og sjúkraþjálfara fyrir vel unnin störf. Það skiptir máli að vera með sama stuðningstarfsfólk í ferðum.

Kosningar í stjórn SSÍ og kosnir skoðunarmenn reikninga

Klukkan 12:00 var gert hlé á þingstörfum og boðið til hátíðarhádegisverðar. Í hléinu var skrifað undir styrktarsamning við Icepharma, umboðsaðila Speedo á Íslandi. Þá voru heiðursviðurkenningar afhentar í samræmi við samþykkt þingsins.

Kl. 13:00 var gengið til kosninga í stjórn SSÍ. Laus voru sæti formanns, 6 sæti í aðalstjórn og 2 sæti í varastjórn. Sjálfkjörið var í öll sæti.

Stjórn SSÍ 2017 - 2019

Formaður SSÍ – kjörtími 2017 til 2021

Hörður J. Oddfríðarson ÍBR

Stjórn SSÍ – kjörtími 2017 til 2021

Björn Sigurðsson ÍBH

Hilmar Örn Jónasson ÍRB

Jón Hjaltason ÍBR

Jóna Margrét Ólafsdóttir UMSK

Stjórn SSÍ – kjörtími 2017 til 2019

Hrafnhildur Lúthersdóttir ÍBH

Margrét Gauja Magnúsdóttir ÍBH

Sitjandi í stjórn SSÍ – kjörtími 2015 til 2019

Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA

Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA

Varamenn í stjórn SSÍ – kjörtími 2017 til 2019:

Eva Hannesdóttir ÍBR

Helga Sigurðardóttir ÍBR

Skoðunarmenn reikninga – kjörtími 2017 til 2019:

Júlíus V Guðnason ÍA

Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR

Pinglok

Að loknum kosningum þökkðu **Þingforsetar** fyrir sig og gáfu nýkjörnum formanni SSÍ orðið til að slíta þinginu.

Hörður J Oddfríðarson þakkaði þann stuðning sem hann og nýtt stjórnarfolk hefðu fengið á þessu þingi. Hann sagðist þakklátur fyrir það traust sem sundhreyfingin hefði sýnt honum í gegnum tíðina, hann hefði aldrei fengið mótframboð og sagðist vona að það væri vegna þess að fólk hefði trú á að hann væri að vinna vel fyrir hreyfinguna en væri ekki bara illskásti kosturinn. Hann bauð nýtt stjórnarfolk velkomið til starfa og benti á að þau væru mörg verkefni framundan sem þyrfti að vinna. Hann þakkaði fráfarandi stjórnarfolki og öðrum þeim sem væru að láta af störfum fyrir SSÍ, samstarfið og sagðist vona að þetta fólk væri ekki að hverfa úr hreyfingunni. Það væri henni svo mikilvægt að njóta þekkingarinnar, reynslunnar og mannaútsins áfram, þrátt fyrir að fólk væri ekki formlega með einhverja stöðu innan sambandsins.

Það eru mörg verkefni framundan sem vert er að hlakka til, m.a. undirbúningur Ólympíuleika í Tokýó 2020 með öllu því sem því fylgir. Við þyrftum að vera á tánum og undirbúa og byggja upp á Íslandi á næstu misserum.

Hörður sagði það ekki tilviljun að stjórnmalafólk væri fengið til að stýra þingum sem þessum, tilgangurinn væri að ná sambandi og tengslum við það fólk sem hefði áhrif á uppbygginu umhverfis íþrótt á Íslandi. Hann sagðist hér eftir sem hingað til halda áfram að rækta þessi tengsl því framundan væri tími uppbyggingar á sundmannvirkjum sem þarf að haldast í hendur við uppbyggingu sundfólks og félaga. Hörður mun í samstarfi við félögin halda áfram að ná tengslum við sveitarstjórnarfolk úti um allt land.

Að lokum þakkaði hann þingforsetum góða fundarstjórn og samstarf á þinginu, þingfulltrúum fyrir góða þingsetu og málefnanlega umræðu og óskaði þingfulltrúum góðrar heimkomu.

Samþykktir 62. Sundþings 2017

Þingskjal 2017-07

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2017 - 2019 verði með eftirfarandi hætti:

1) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum

- a. Einstaklingsgjald sundiðkenda kr. 3.000 og mótagjald sundiðkenda kr. 6.500 verða óbreytt út árið 2017
- b. Einstaklingsgjald sundiðkenda hækkar um 3,3% 1.janúar 2018 og verður kr. 3.100
- c. Einstaklingsgjald sundiðkenda hækkar um 3,2% 1.janúar 2019 og verður kr. 3.200
- d. Mótagjald sundiðkenda hækkar um 3,8% 1.janúar 2016 og verður kr. 6.750
- e. Mótagjald sundiðkenda hækkar um 3,7% 1.janúar 2017 og verður kr. 7.000
- f. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.

2) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC

- a. Gjöld garpa verða óbreytt út árið 2017 þ.e. upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 3.000, gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.600 (allt að 3 greinar), gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0, og hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimta af honum kr. 3.000.
- b. Upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein hækkar um 3,3% 1.janúar 2018 og verður kr. 3.100.
- c. Upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein hækkar um 3,2% 1.janúar 2019 og verður kr. 3.200.
- d. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina hækkar um 3,1% 1.janúar 2018 og verður kr. 1.650 (allt að 3 greinar)
- e. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina hækkar um 3,0% 1.janúar 2017 og verður kr. 1.700 (allt að 3 greinar)
- f. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0,00.
- g. Ekkert gjald er innheimt vegna þátttöku í boðsundsgrein að því tilskyldu að viðkomandi einstaklingar hafi tekið þátt í a.m.k. einni einstaklingsgrein hver.
- h. Gjald fyrir boðsund hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi hækkar um 3,3% 1.janúar 2018 og verður kr. 3.100
- i. Gjald fyrir boðsund hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi hækkar um 3,2% 1.janúar 2019 og verður kr. 3.200
- j. Öll gjöldin skulu vera greidd a.m.k. þremur dögum fyrir upphaf IMOC.
- k. Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.

3) Gjöld vegna Víðavatnssunds

- a. Gjöld vegna Íslandsmóts í Víðavatnssundi verða fyrir árið 2017 (óbreytt frá fyrra ári)
 - i. 1 km, kr. 1500,00 (kr. 2.500,00 ef skráning á staðnum)
 - ii. 3 km, kr. 2500,00 (kr. 3.500,00 ef skráning á staðnum)
 - iii. 5 km, kr. 2700,00 (kr. 3.700,00 ef skráning á staðnum)
 - iv. 3 km liðakeppni kr. 1.500,00 pr sundmann (kr. 2.500,00 ef skráning er á staðnum)
- b. Sundþing felur stjórn að ákvarða hækkanir fyrir árin 2018-19 skapist aðstæður til slíks

4) Gjöld vegna annarra Sundíprótta

- a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíprótta skapist aðstæður til slíks.

Þingskjal 2017-06a

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun um rekstur SSÍ fyrir árið 2017

Fjárhagsáætlun SSÍ 2017

TEKJUR:		
1	Framlög og styrkir	2017
	Styrkir ÍSÍ	0
	Útbreiðslustyrkur	1.600.000
	Aftekssjóður ÍSÍ / vegna landsliðsverkefna	0
	Ferðastyrki	0
	Styrkur Alþingi	3.600.000
	Lottó	9.600.000
	Ýmis fyrirtæki	1.400.000
	Framlög + styrkir alls	16.200.000
2	Tekjur af mótum	
	Garpamót	650.000
	Víðavatnssund	30.000
	Skólasundmót	300.000
	RIG	700.000
	Tekjur af mótum alls	1.680.000
3	Auglýsingatekjur	
	Auglýsingar í leikskrá	0
	Tekjur af flutn. í fjölmiðlum	0
	Sunddagur - í samstarfi við sundfélög/ÍSÍ	
	Auglýsingatekjur alls	0
4	Aðrar tekjur	
	Félagsgjöld	9.200.000
	Sundþing/Formannafundur	300.000
	Þjálfaranámskeið	180.000
	Uppskeruhátíð	500.000
	Önnur námskeið	0
	Aðrar tekjur - mótframlög vegna landsliðs	0
	Aðrar tekjur	0
	Minningarsjóður ÓÞG	0
	Vaxtatekjur	120.000
	Aðrar tekjur alls	10.300.000
	TEKJUR ALLS:	28.180.000

GJÖLD:

5 Laun og verktakagr

Laun starfsmanna SSÍ	10.800.000
Verktakagreiðslur landsliðsumsj	1.575.000
Mótframlag launat gj	192.000
Tryggingagjald	840.000
Lífeyrissjóðsframlag 6%	1.020.000
Laun og verktakagr alls	14.427.000

7 Áhöld og tæki

37100 Búningar	1.000.000
37200 Íþróttáhöld	0
37300 Skrifstofuáhöld	120.000
37400 Fatnaður stjórn/starfsmenn	150.000
0 Fatnaður dómara	250.000
Fánar/merki/lyklakippur og fl.	120.000
Áhöld og tæki alls	1.640.000

8 Undirbúningur landsliða

Æfingabúðir innanlands	0
Æfingabúðir erlendis	0
Afrestsstyrkir	0
Undirbúningur landsliða alls	0

9 Mótakostn. erlendis

Alþjóðleg unglingamót	0
Smáþjóðaleikar/Smáþjóðamót	0
EMU	0
NMU	0
EM/HM	0
EM 25m	0
Ólympíudagar evrópuæsk/NAM	0
Alþjóðlegt mót - Landskeppni	0
Annar ferðakosntaður	0
Alþjóðlegt mót OP	
Annar kostnaður	0
Mótakostn. erlendis alls	0

9 Kostn. v/mótahalds

Verðlaunapeningar	810.000
Kostnaður vegna dómara	80.000
Sjónvarpsútsendingar	400.000
IMOC	350.000
Veitingar vegna móta	90.000
Sundknattleikur	200.000
Skólasundmót	300.000
RIG	650.000
Annar kostn sundmóta (td. Þvottur)	180.000
Kostn v/mótahalds alls	3.060.000

10 Rekstur mannvirkja

Húsaleiga	820.000
-----------	---------

Rekstur mannvirkja alls	820.000
11 Rekstur skrifstofu	
Sími	360.000
Ritföng	72.000
Prentun	72.000
Póstkostnaður	0
Fundarkostnaður	324.000
Þingkostnaður	550.000
Gjafir, risna og veitingar	264.000
Internet og heimasíða	450.000
Bókhalds- og endurskoðunarkostnaður	385.000
Sorphirða/auglýsingar	36.000
Trygging/búnaður	75.000
Gjöld til alþjóðasambanda	165.000
Fundir og ráðstefnur erl	1.100.000
Annar kostnaður	720.000
Rekstur skrifstofu alls	4.573.000
12 Kynning, fræðsla og útbreiðsla	
Námskeiðsgjöld	250.000
Markaðsvinna	150.000
Sundkynning-ferð um landið	400.000
Nefndir	72.000
Sundnefnd LEN	300.000
Garpanefnd LEN/FINA	300.000
NSF nefndir	15.000
Dómarar erlendis	500.000
Dómaranámskeið	150.000
Þjálfaranámskeið	180.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	2.317.000
13 Önnur gjöld	
Þjónustugjöld Visa/Euro	60.000
Þjónustugjöld Banka	120.000
Önnur gjöld alls	180.000
14 Annar kostnaður	
Kynningarkostnaður(plaggat/TV)	0
Uppskeruhátíð	550.000
Vaxtagjöld/Fjármagnstekjuskattur	120.000
Minningarsjóður ÓÞG	
Gengismunur	
Annar kostnaður alls	670.000
REKSTRARGÖLD ALLS:	27.687.000
TAP / HAGNAÐUR	493.000

Þingskjal 2017-06b

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun um rekstur SSÍ fyrir árið 2018

Fjárhagsáætlun SSÍ 2018

TEKJUR:		
1	Framlög og styrkir	2018
	Styrkir ÍSÍ	0
	Útbreiðslustyrkur	1.700.000
	Aftekssjóður ÍSÍ / vegna landsliðsverkefna	0
	Ferðastyrki	0
	Styrkur Alþingi	3.700.000
	Lottó	9.960.000
	Ýmis fyrirtæki	1.450.000
	Framlög + styrkir alls	16.810.000
2	Tekjur af mótum	
	Garpamót	650.000
	Víðavatnssund	32.000
	Skólasundmót	300.000
	RIG	730.000
	Tekjur af mótum alls	1.712.000
3	Auglýsingatekjur	
	Auglýsingar í leikskrá	0
	Tekjur af flutn. í fjölmiðlum	0
	Sunddagur - í samstarfi við sundfélög/ÍSÍ	
	Auglýsingatekjur alls	0
4	Aðrar tekjur	
	Félagsgjöld	9.400.000
	Sundþing/Formannafundur	0
	Þjálfaranámskeið	200.000
	Uppskeruhátíð	550.000
	Önnur námskeið	0
	Aðrar tekjur - mótframlög vegna landsliðs	0
	Aðrar tekjur	0
	Minningarsjóður ÓÞG	0
	Vaxtatekjur	130.000
	Aðrar tekjur alls	10.280.000
	TEKJUR ALLS:	28.802.000

GJÖLD:

5 Laun og verktakagr

Laun starfsmanna SSÍ	11.100.000
Verktakagreiðslur landsliðsumsj	0
Mótframlag launat gj	198.000
Tryggingagjald	864.000
Lífeyrissjóðsframlag 6%	1.050.000
Laun og verktakagr alls	13.212.000

7 Áhöld og tæki

37100 Búningar	1.100.000
37200 Íþróttáhöld	0
37300 Skrifstofuáhöld	144.000
37400 Fatnaður stjórn/starfsmenn	150.000
0 Fatnaður dómara	250.000
Fánar/merki/lyklakippur og fl.	144.000
Áhöld og tæki alls	1.788.000

8 Undirbúningur landsliða

Æfingabúðir innanlands	0
Æfingabúðir erlendis	0
Afrestsstyrkir	0
Undirbúningur landsliða alls	0

9 Mótakostn. erlendis

Alþjóðleg unglingamót	0
Smáþjóðaleikar/Smáþjóðamót	0
EMU	0
NMU	0
EM/HM	0
EM 25m	0
Ólympíudagar evrópuæsk/NAM	0
Alþjóðlegt mót - Landskeppni	0
Annar ferðakosntaður	0
Alþjóðlegt mót OP	
Annar kostnaður	0
Mótakostn. erlendis alls	0

9 Kostn. v/mótahalds

Verðlaunapeningar	940.000
Kostnaður vegna dómara	100.000
Sjónvarpsútsendingar	500.000
IMOC	400.000
Veitingar vegna móta	120.000
Sundknattleikur	300.000
Skólasundmót	350.000
RIG	700.000
Annar kostn sundmóta (td. Þvottur)	200.000
Kostn v/mótahalds alls	3.610.000

10 Rekstur mannvirkja

Húsaleiga	840.000
-----------	---------

Rekstur mannvirkja alls	840.000
--------------------------------	----------------

11 Rekstur skrifstofu

Sími	396.000
Ritföng	84.000
Prentun	84.000
Póstkostnaður	0
Fundarkostnaður	348.000
Þingkostnaður	150.000
Gjafir, risna og veitingar	300.000
Internet og heimasíða	90.000
Bókhalds- og endurskoðunarkostnaður	336.000
Sorphirða/auglýsingar	36.000
Trygging/búnaður	80.000
Gjöld til alþjóðasambanda	175.000
Fundir og ráðstefnur erl	1.300.000
Annar kostnaður	780.000
Rekstur skrifstofu alls	4.159.000

12 Kynning, fræðsla og útbreiðsla

Námskeiðsgjöld	300.000
Markaðsvinna	200.000
Sundkynning-ferð um landið	500.000
Nefndir	96.000
Sundnefnd LEN	350.000
Garpanefnd LEN/FINA	350.000
NSF nefndir	100.000
Dómarar erlendis	650.000
Dómaranámskeið	200.000
Þjálfaranámskeið	230.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	2.976.000

13 Önnur gjöld

Þjónustugjöld Visa/Euro	66.000
Þjónustugjöld Banka	144.000
Önnur gjöld alls	210.000

14 Annar kostnaður

Kynningarkostnaður(plaggat/TV)	0
Uppskeruhátíð	650.000
Vaxtagjöld/Fjármagnstekjuskattur	140.000
Minningarsjóður ÓÞG	
Gengismunur	
Annar kostnaður alls	790.000

REKSTRARGÖLD ALLS:	27.585.000
---------------------------	-------------------

TAP / HAGNAÐUR	1.217.000
-----------------------	------------------

Pingskjal 2017-06c

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun landsliða SSÍ fyrir árið 2017

Útgjöld	Smáþjóðaleikar San Marínó	EMU Ísrael	NÆM Færeyjum	Eyof Ungverjalandi	HM50 Búdapest	NM 2017 Ísland	EM25 Kaupmannah
	29.maf-3.júní 2017	28. júní-3. júlí 2017	7.-10 júlí 2017	22.-30. júlí 2017	30. júlí - 5. ágúst 2017	7.-10 des 2017	13.-17.des 2017
Hótel + matur+ ferðir	145.000	110.000	40.000	110.000	262.500	60.000	140000
Flug		120.000	80.000	85.000	160.000	0	75000
Annar kostnaður	10.000	10.000	10.000	22.000	10.000	10.000	10.000
Samtals per mann	155.000	240.000	130.000	217.000	432.500	70.000	225000
Heildarverð	3.255.000	1.440.000	780.000	1.302.000	4.325.000	1.400.000	2.925.000
Forsendur:							
Sundmenn	16	4	4	4	5	16	8
Fylgdarmenn	5	2	2	2	5	4	5
Alls	21	6	6	6	10	20	13
						Samt 2017	15.427.000

Pingskjal 2017-06d

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun landsliða SSÍ fyrir árið 2018

Útgjöld	EMU	NÆM Noregi	EM50 TBD	NM 2018	HM25
	júl.18	júl.18	júl.18	des.18	des.18
Hótel + matur+ ferðir	150.000	40.000	260.000	60.000	140000
Flug	120.000	80.000	160.000	80000	80000
Annar kostnaður	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000
Samtals per mann	280.000	130.000	430.000	150.000	230000
Heildarverð	1.680.000	780.000	4.300.000	3.150.000	2.990.000
Forsendur:					
Sundmenn	4	4	5	16	8
Fylgdarmenn	2	2	5	5	5
Alls	6	6	10	21	13
				Samt 2018	12.900.000

Pingskjal 2017-10

62. þing Sandsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir að breyta 12. grein laga sambandsins í samræmi við neðangreint.

12. grein (breytt)

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Öll framboð til stjórnar skulu liggja fyrir tveimur vikum fyrir þingbyrjun. Stjórn SSÍ skipar formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing og staðfestir skipan í starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sandsambands Ísland. Starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn skulu ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Aga og siðanefnd

Fræðslu- og kynningarnefnd

Kjörnefnd

Landsliðsnefnd

Dómara-, móta- og tækninefnd

Sundíþróttanefnd

Þjálfaranefnd

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa

Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma.

Íþróttamannanefnd SSÍ er skipuð 5 einstaklingum úr afrekshópum félaga innan SSÍ. Stjórn SSÍ stendur fyrir kosningu í Íþróttamannanefndina innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur.

Íþróttamannanefnd SSÍ getur lagt mál fyrir stjórn SSÍ og fulltrúi stjórnar SSÍ situr fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir fundum með stjórn SSÍ eftir þörfum.

Sandsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ, án þess að gildandi séu sérákvæði.

Pingskjal 10a (breytt)

62. þing Sandsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017

Samþykkir svo breytta reglugerð um kosningu í Íþróttamannanefnd SSÍ.

b) Reglugerð um kosningar í Íþróttamannanefnd SSÍ.

1. grein

Kosin skal 5 manna Íþróttamannanefnd SSÍ innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur.

2. grein

Í Íþróttamannanefnd SSÍ situr sundfólk sem er 16 ára eða eldra, æfir með afrekshópi í sínu félagi og hefur verið tilnefnt af félögum sínum í hópnum. Einungis er mögulegt að tilnefna einn einstakling frá hverju félagi.

3. grein

Kosningarétt hafa allir sundmenn, 13 ára og eldri, skráðir í félög innan SSÍ. Þeir skulu kjósa 5 af lokalista.

4. grein

Stjórn SSÍ setur saman kjörstjórn sem hefur umsjón með kosningunni. Í kjörstjórninni skulu sitja einn stjórnarmaður SSÍ, einn nefndarmaður í Aga- og siðanefnd SSÍ og einn tilnefndur af ÍSÍ.

5. grein

Kjörstjórn er heimilt að skipa sér trúnaðarmann í hverju félagi, sem framkvæmir kosningu í hennar umboði, kjörstjórn telur atkvæðin og tilkynnir úrslit.

6. grein

Stjórn SSÍ kallar Íþróttamannanefnd SSÍ saman í fyrsta sinn eftir kosningu.

7. grein

Íþróttamannanefnd SSÍ hefur ekki sjálfstæðan fjárhag en allur kostnaður við nefndina og kosningu í hana er greiddur af SSÍ.

Pingskjal 11

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir greinum 7 og 10 í lögum SSÍ verði breytt með þeim hætti að formaður verði kosinn annað hvert ár í stað á fjögurra ára fresti.

Pingskjal 12 (breytt)

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir að breyta Almennum ákvæðum SSÍ á eftirfarandi hátt

8. grein - Skyldur mótshaldara

Aðildarfélag sem tekið hefur að sér framkvæmd móts á vegum SSÍ en dregur sig til baka innan við þriggja mánaða frá móti skal greiða sekt til SSÍ að fjárhæð sem svarar til 1.750 EUR. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 1.250 EUR til þess félags sem hleypur í skarðið. Ef mótshaldari dregur sig til baka frá AMÍ innan þriggja mánaða frá móti skal hann greiða sekt sem svarar til 2.625 EUR til SSÍ. SSÍ skal síðan greiða fjárhæð sem svarar til 2.000 EUR til þess félags sem hleypur í skarðið. Mótshaldari skal senda út tilkynningu til aðildarfélaganna minnst þremur mánuðum fyrir mót.

Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um laugarstærð, tækjabúnað, skipulag móts og dagskrá, skráningargjöld og skráningarfrest. Ef aðildarfélag þarf að hætta við mót vegna utanaðkomandi áhrifa skal ekki koma til sekta.

Fulltrúi SSÍ á að vera viðstaddur lokaundirbúning keppnissvæðis og mælingu á laug. Mótshaldari er algjörlega fjárhagslega ábyrgur fyrir mótinu. Mótshaldara er skylt að sjá til þess að löglegur fjöldi starfsmanna sé til staðar meðan á móti stendur. Mótshaldara er skylt að halda mótið í samræmi við áður ákveðna dagskrá samþykta af stjórn SSÍ. Á sundmótum skal unnið í samræmi við staðfestar leiðbeiningar vegna sundmóta SSÍ og jafnframt skal kynna sérstaklega meðferð ágreiningsmála, kæruleiðir og áfrýjun úrskurða og þar með lögsögu dómstóla ÍSÍ.

Ágreining sem upp kemur á móti skal leysa innan lögsögu mótsins sé þess nokkur kostur og gera grein fyrir niðurstöðu í mótaskýrslu. Nú verður ekki leyst úr ágreiningi innan lögsögu mótsins – eða vitneskja um atvik berst ekki fyrr en að loknu móti – skal þá vísa málum með formlegum hætti til stjórnar SSÍ. Fylgja skal greinargerð og sem nákvæmest atvikalýsing.

Skal þá stjórn SSÍ leita lausnar á ágreiningi / sátta, en jafnframt kynna málið fyrir Aga- og siðanefnd SSÍ, sem tekur við málinu innan þess frests sem stjórn hefur ákveðið, hafi ekki fengist viðunandi niðurstaða fyrir þann tíma.

Pingskjal 2017-09 (breytt)

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 Samþykkir meðfylgjandi skilgreiningar á sundmótum á Íslandi og felur stjórn SSÍ að setja upp atburðadagatal sundársins 2017-2018 í samræmi við þetta.

Tillaga að verklagi

Meistaramót SSÍ

- Íslandsmeistaramót í 25 metra laug
- Íslandsmeistaramót í 50 metra laug
- Aldursflokkameistaramót
- Bikarkeppni SSÍ

- Krefjast mönnunar á alþjóðlegu stigi

A-mót SSÍ

- Undirbúnings- og lágmarkamót fyrir ÍM25 og ÍM50 auk erlendra móta og landsliðsverkefna
- LEN og FINA staðall
- 2-3 daga mót (sett eins upp og meistaramót)
- Hugsað fyrir sundfólk sem er nálægt lágörkum fyrir ÍM mótin
- Þrjú mót í aðdraganda að hvoru ÍM
- Krefjast mönnunar á meistaramótsstigi

B-mót SSÍ

- Undirbúnings- og lágmarkamót fyrir AMÍ og ÍM
- 1-2 daga mót
- Enginn keppandi skráður á NT
- Hugsað fyrir sundfólk sem hefur náð góðum tókum á mótum og náð hæfni til að keppa
- Mönnun ekki á meistaramótsstigi

C-mót SSÍ

- Undirbúningsmót fyrir B-mót SSÍ
- Fáar keppnisgreinar í boði
- Keppnisgreinar stigvaxandi á tímabilinu
- 1 dags mót
- Engin lágörk, möguleiki á því að setja AMÍ lágörk sem hámark inn á mótið
- Hugsað fyrir sundfólk sem er að stíga sín fyrstu skref á mótum
- Innanfélagsmót sem mögulega eru opin öðrum
- Tímataka er lögleg þ.e. tvær klukkur á braut og að a.m.k. einn dómari sé á mótinu

Dómaranefnd þarf í kjölfarið að skilgreina mönnun á mótum.

Þingskjal 9b

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 Samþykkir að fela stjórn SSÍ að fjölga greinum í aldursflokkum AMÍ þannig að sundfólk eigi kost á því að synda langsund á mótinu.

Þingskjal 14 (breytt)

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 samþykkir að stöðu landsliðsþjálfara verði breytt úr fastri stöðu en þess í stað verði ráðnir þjálfarar fyrir hvert verkefni fyrir sig.

Þingskjal 15

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 staðfestir meðfylgjandi Handbók SSÍ (þingskjal 15a) og felur stjórn SSÍ að uppfæra hana og viðhalda, í samræmi við aðrar samþykktir Sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegar breytingar sem verða á umhverfi sundíþróttá Íslandi.

Tillögur þingforseta undir liðnum önnur mál. Samþykkt þessara tillagna ógilti fyrri samþykkt þar sem Stefnu og afreksstefnu SSÍ var vísað frá.

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017 staðfestir Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ að undanskildum texta um Íþróttafulltrúa SSÍ.